

---

# Ársskýrsla Flataskóla



**SKÓLAÁRIÐ 2004 – 2005**

---

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	1
<b>1. Hagnýtar upplýsingar um skólann</b> .....	3
<b>2. Nemendafjöldi skólaárið 2004-2005</b> .....	4
<b>3. Starfsmenn Flataskóla skólaárið 2004-2005</b> .....	5
<b>4. Símenntun starfsmanna</b> .....	7
<b>5. Samstarf heimilis og skóla</b> .....	8
Haustkynningarfundir .....	8
Foreldradagur .....	9
Skýrsla foreldraráðs Flataskóla .....	9
Bekkjjarfulltrúar skólaárið 2004-2005 .....	10
<b>6. Skýrsla deildarstjóra</b> .....	12
<b>7. Skýrslur umsjónarkennara</b> .....	15
Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk .....	15
Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk .....	17
Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk .....	20
Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk .....	23
Samræmd próf í 4. bekk .....	25
Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk .....	25
Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk .....	28
<b>8. Skýrsla um sérkennslu skólaárið 2004-2005</b> .....	30
<b>9. Skýrslur list- og verkgreinakennar</b> .....	32
<b>10. Skýrslur fag- og stýrihópa kennara</b> .....	39
Skýrsla ritstjórnar skólanámskrár .....	39
Skýrsla stýrihóps um skipulag færnináms í 3.-6. bekk .....	39
Skýrsla sjálfsmatsnefndar .....	40
Skýrsla áfallateymis .....	41
Skýrsla starfshóps um 7. bekk .....	42
Skýrsla vinnuhóps vegna breytinga í 3. bekk .....	43
Skýrsla teymis um undirbúning þemadaga .....	44
<b>11. Ýmsar skýrslur</b> .....	44
Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni .....	44
Skýrsla tölvuumsjónarmanns .....	47
Skýrsla skólabókasafns .....	50
Skýrsla Tómsundaheimilis .....	52

## Inngangur

Ársskýrsla Flataskóla kemur nú út í fjórða sinn. Skýrslunni er dreift til fulltrúa í skólanefnd Garðabæjar, forstöðumanns fræðslu- og menningarsviðs, grunnskóla-fulltrúa, foreldraráðs og foreldrafélags Flataskóla og til stjórnenda í Garða- og Hofstaðaskóla. Auk þess er skýrslan vistuð á heimasíðu skólans, [www.flataskoli.is](http://www.flataskoli.is).

Markmiðið með útgáfu skýrslunnar er að gefa sem bestar upplýsingar um hið fjölbreytta starf sem fram fór í Flataskóla skólaárið 2004 - 2005.

Sigurveig Sæmundsdóttir tók við skólastjórn Flataskóla 1. ágúst. Hún starfaði í mörg ár sem aðstoðarskólalastjóri Hofstaðaskóla, þar af eitt sem skólalastjóri.

Í upphafi skólaárs var tekinn í notkun nýr hátíða- og matsalur. Ný raungreinastofa var einnig tekin í notkun og í desember var undirritaður samningur við Marel um samstarf til eflingar nýsköpunar og raungreina í grunnskólum Garðabæjar. Á skólalóðinni bættust við tveir nýir battavellir og einn stór fótboltavöllur með gervigrasi sem bætti aðstöðu nemenda mikið til útileikja.

Verkfall grunnskólakennara hafði mikil áhrif á skólastarfið á haustönn. Námsáætlanir voru endurgerðar og allir lögðu sig fram um að skólastarfið kæmist sem fyrst í eðlilegt horf.

Þemadagar voru bæði á haust- og vorönn. Á þemadögum haustsins voru unnin verkefni í tengslum við varanlegt jólaskraut fyrir skólann, en á seinni þemadögum tengdust verkefnið veiðiaðferðum villtra dýra.

Í janúar tóku nemendur og starfsmenn skólans þátt í góðgerðarsamkomu. Um 900 gestir komu og söfnuðust rúmlega 700 þúsund krónur. Féð var síðan afhent Rauða krossinum við hátíðlega athöfn í skólanum.

Ljóðahátíð var haldin 29. apríl. Efnt var til ljóðakeppni meðal nemenda og bárust á fimmta hundrað ljóð. Fengnir voru sérfræðingar í dómnefnd þau: Ragnar Ingi Aðalsteinsson, Kristín Helga Gunnarsdóttir og Arnheiður Borg sem sat fyrir hönd skólans.

Fjöltefli fór fram í skólanum í maí. Við börnin tefldu Guðfríður Lilja Grétarsdóttir forseti skáksambandsins, Lenka Ptácníková stórmeistari og Páll Sigurðsson formaður taflfélags Garðabæjar. Mörg börn tóku þátt í fjölteflinu og færri komust að en vildu. Við þetta tækifæri kom menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir í skólann og undirritaði stórmeistarasamning við Lenku.

Eins og síðastliðin ár fengu nemendur skólans að njóta ýmissa listviðburða. Nemendur í 1.- 4. bekkjum fóru á tónleika í Háskólabíói, það var samvinnuverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Tónlistar fyrir alla. Þemað í ár var veðrið og stjórnandi Bernharður Wilkinson. Nemendur í 5. og 6. bekkjum fengu að hlýða á frábæran flutning Jazzkvartetts Reykjavíkur í skólanum. Börnin voru einstakir hlustendur og nutu allir heimsóknarinnar ekki síst listamennirnir. Nemendum 1. bekkja var boðið á barnaóperuna Undir drekavæng eftir Mist Porkelsdóttur og Messíönu Tómasdóttur sem sýnd var í Gerðubergi.

Tónlistarlíf skólans hefur verið með miklum blóma í vetur. Fjöldasöngur er fastur liður í menningu skólans og setur skemmtilegan brag á skólastarfið. Árgangar syngja saman einu sinni í viku undir stjórn Hjördísar Ástráðsdóttur, tónmenntarkennara. Nú á vordögum komu allir nemendur skólans í 1.- 5. bekkjum fram á uppskerusönghátíð bekkjanna. Tónleikarnir voru á skólatíma barnanna. Margir foreldrar, afar og ömmur mættu og hlýddu á fallegan flutning nemenda á skemmtilegum lögum.

Eins og undanfarin ár heimsóttu skólann góðir gestir. Gídeonfélagar færðu nemendum í 5. bekk Nýja testamentið að gjöf. Vímuvarnarhlaup Lions undir stjórn Lionsklúbbsins Eikar fór fram í maí og nemendur 5. bekkja tóku þátt í hlaupinu. Fyrir hlaupið fræddi Ragnheiður Stephensen nemendur um mikilvægi þess að halda sig frá ávana- og fíkniefnum. Fulltrúar bekkjanna stóðu sig með þryði í keppninni sem var jöfn, en það var 5. GR sem sigraði.

Samstarf við Kennaraháskóla Íslands hefur verið mjög gott og margir kennaranemar voru hér við æfingakennslu í vetur.

Hér hefur verið stiklað á nokkrum viðburðum skólastarfsins á síðasta skólaári. Í skýrslunni verður auk þess fjallað nánar um starfið í einstökum árgöngum. Fag- og stýrihópar kennara gera grein fyrir starfi sínu, deildarstjórar gera grein fyrir sinni vinnu og tölvuumsjónarmaður og kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni gera grein fyrir þeim þáttum sem þeir unnu að á skólaárinu. Fjallað er um starfsemi skólabókasafns og Tómsundaheimilis. Einnig fylgir skýrsla frá foreldraráði skólans.

Það er von okkar sem stöndum að gerð þessarar skýrslu að hún gefi sem besta mynd af því þróttmikla starfi sem fram fer í skólanum. Jafnframt er ljóst að sú samantekt nær engan veginn að vera tæmandi og er því bent á skólanámskrá skólans þar sem allar nánari upplýsingar um skipulag skólastarfsins er að finna.

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem komu að gerð þessarar skýrslu.

Garðabæ, júní 2005

*M. Elín Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri*

## 1. Hagnýtar upplýsingar um skólann

### Stjórnendur Flataskóla

Skólastjóri	Sigurveig Sæmundsdóttir
Aðstoðarskólastjóri	Margrét Elín Guðmundsdóttir
Deildarstjóri sérkennslu	Guðbjörg Ragnarsdóttir
Deildarstjóri 4.-6. bekk	Vilhjálmur Haraldsson
Deildarstjóri 1.-3. bekk	Ólöf Sigurðardóttir

### Nefndir, ráð, vinnu- og stýrihópar kennara skólaárið 2004-2005

Kennararáð	Halla Svavarsdóttir Margrét Haraldsdóttir Puríður Jónsdóttir
Fulltrúi kennara í skólanefnd:	Hjördís Ástráðsdóttir
<u>Ritstjórn skólanámskrár:</u>	Halla I. Svavarsdóttir M. Elín Guðmundsdóttir Svanhvít Guðbjartsdóttir Puríður Anna Jónsdóttir
<u>Stýrihópur um sjálfsmat:</u>	Auður Skúladóttir Hjördís Ástráðsdóttir Jóna G. Oddsdóttir M. Elín Guðmundsdóttir Sigurveig Sæmundsdóttir
<u>Skipulag færnináms:</u>	Bryndís Anna Rail
<u>Heilsuefling:</u>	Elín Birna Guðmundsdóttir Hannes Ingi Geirsson
<u>Áfallaráð:</u>	Olga Guðrún Snorradóttir Jóna Guðrún Oddsdóttir M. Elín Guðmundsdóttir Sigurveig Sæmundsdóttir
<u>Ritstjórn heimasíðu:</u>	Steinunn Hall

## 2. Nemendafjöldi skólaárið 2004-2005

Skólaárið 2004 - 2005 voru 417 nemendur í skólanum, þarf af 215 drengir og 202 stúlkur í 19 bekkjardeildum. Í 1. bekk voru tvær bekkjardeildir, í 2., 3. og 6. bekk voru þrjár bekkjardeildir í árgangi en í 4. og 5. bekk voru fjórar bekkjardeildir. Nemendafjöldi skiptist á eftirfarandi hátt eftir bekkjardeildum.

	piltar	stúlkur	alls	umsjónarkennarar
1. ED	11	8	19	Elfa Dögg Einarsdóttir
1. GL	12	8	20	Guðlaug Einarsdóttir
2. GB	13	10	23	Guðrún Birna Gylfadóttir
2. HM	10	12	22	Helga Melsted
2. MH	11	11	22	Margrét Ásdís Haraldsdóttir
3. EÁ	12	14	26	Elín Ása Þorsteinsdóttir
3. IK	15	12	27	Iðunn Kjartansdóttir
3. OS	12	14	26	Olga G. Snorradóttir
4. ER	8	10	18	Erna Þorleifsdóttir
4. GS	9	9	18	Lea Helga 'Olafsdóttir
4. HL	8	11	19	Hanna Lóa Friðjónsdóttir
4. HS	10	9	19	Halla I. Svavarsdóttir
5. AS	12	9	21	Auður Skúladóttir
5. GR	10	12	22	Guðríður Rail
5. HG	11	11	22	Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir
5.HSG	10	9	19	Helga Sigríður Guðjónsdóttir
6. RF	13	10	23	Ragnheiður Friðjónsdóttir
6. SG	15	11	26	Svanhvít Guðbjartsdóttir
6. SK	13	13	26	Skúli Kristjánsson Þorvaldz
	<b>215</b>	<b>202</b>	<b>417</b>	



Földi nemenda í Flataskóla s.l. þrjú ár.

	2003	2004	2005
Fjöldi nemenda	440	450	417

### 3. Starfsmenn Flataskóla skólaárið 2004-2005

Skólaárið 2004-2005 voru starfandi við skólann 83 starfsmenn. Þarf af voru 48 kennarar og stjórnendur, 15 skólaliðar, 4 stuðnings-og meðferðarfulltrúar, 8 starfsmenn Tómsundaheimilis og 8 aðrir starfsmenn.

Arnheiður Borg	sérkennsla
Auður Skúladóttir	umsjónarkennari 5. bekk
Áslaug B. Ólafsdóttir	tónmenntakennari
Bryndís A. Rail	kennsla í 3. - 6. bekk
Bryndís Þórarinsdóttir	smíðakennari 4. - 6. bekk
Brynhildur Auðbjargardóttir	kór
Elfa Dögg Einarsdóttir	umsjónarkennari 1. bekk
Elín Ása Þorsteinsdóttir	umsjónarkennari 3. bekk
Elín Birna Guðmundsdóttir	ípróttakennari
Erna Þorleifsdóttir	umsjónarkennari 4. bekk
Guðbjörg Hjörleifsdóttir	sérkennari
Guðbjörg Ragnarsdóttir	deildarstjóri sérkennslu
Guðlaug Einarsdóttir	umsjónarkennari 1. bekk
Guðríður Rail	umsjónarkennari 5. bekk
Guðríður Margrét Thorarensen	sérkennsla
Guðríður Sveinsdóttir	umsjónarkennari 4. bekk
Guðrún Birna Gylfadóttir	umsjónarkennari 2. bekk
Guðrún Friðriksdóttir	handmenntakennari 1. - 3. bekk
Halla I. Svavarsdóttir	umsjónarkennari 4. bekk
Halla Rósenkranz Guðmundsd.	umsjónarkennari 5. bekk
Hanna Lóa Friðjónsdóttir	umsjónarkennari 4. bekk
Hannes Ingi Geirsson	ípróttakennari
Heiðrún Björk Sigmarsdóttir	ípróttakennari - kennsla í sérdeild
Helga Melsteð	umsjónarkennari 2. bekk
Helga Sigríður Guðjónsdóttir	umsjónarkennari 5. bekk
Hjördís Ástráðsdóttir	tónmenntakennari
Hrafnhildur Gunnlaugsdóttir	myndmenntakennari
Iðunn Kjartansdóttir	umsjónarkennari 3. bekk
Ída Björg Unnarsdóttir	forfallakennari
Kristín Guðbrandsdóttir	sérgreinakennari
Kristín Ósk Þorleifsdóttir	sérkennari
Lea Helga Ólafsdóttir	umsjónarkennari 4. bekk
M.Elín Guðmundsdóttir	aðstoðarskólalastjóri
Margrét Ásdís Haraldsdóttir	umsjónarkennari 2. bekkur
Margrét Hjaltadóttir	handmenntakennari 4. - 6. bekk
Olga G. Snorradóttir	umsjónarkennari 3. bekkur
Ólöf S. Sigurðardóttir	deildarstjóri yngra stigs
Rafnhildur Jóhannesdóttir	forfallakennsla
Ragnheiður Friðjónsdóttir	umsjónarkennari 6. bekk

Sigríður Ólafsdóttir	sérkennari
Sigurveig Sæmundsdóttir	skólastjóri
Skúli Kristjánsson Þorvaldz	umsjónarkennari 6. bekkur
Steinunn Hall	kennsluráðgjafi í tölvum
Svanhvít Guðbjartsdóttir	umsjónarkennari 6. bekkur
Vilhjálmur Kári Haraldsson	deildarstjóri eldra stigs
Zoran Johannes Despotovic	íþróttakennari
Pórunn Hafstein	sérkennari
Puríður Anna Jónsdóttir	heimilisfræðikennari
Anna Sigríður Pálsdóttir	starfsmaður Tómsundaheimilis
Auður Gunnarsdóttir	stuðningsfulltrúi
Ásgerður Baldursdóttir	starfsmaður Tómsundaheimilis
Áslaug Pálsdóttir	skólaliði
Bára Einarsdóttir	skólaliði
Berglind Þorsteinsdóttir	skólaliði
Dóra Þórisdóttir	skólaliði
Gréta Hauksdóttir	stuðningsfulltrúi
Guðný Guðlaugsdóttir	skólaliði
Guðríður Ágústsdóttir	skólaliði
Halla Katrín Kristjánsdóttir	starfsmaður Tómsundaheimilis
Helga Kristjánsdóttir	forstöðumaður Tómsundaheimilis
Hildur Friðriksdóttir	skólaliði
Hólmfríður Valdimarsdóttir	starfsmaður Tómsundaheimilis
Hrefna Einarsdóttir	skólaliði
Hrefna Jónsdóttir	starfsmaður Tómsundaheimilis
Hörður S. Hrafnal	umsjónarmaður húss
Ingibjörg Baldursdóttir	bókasafnsfræðingur
Ingibjörg Jónasdóttir	skólaliði
Ingigerður Baldursdóttir	starfsmaður Tómsundaheimilis
Jón Sigþór Jónsson	tölvuumsjónarmaður
Jóna Guðrún Oddsdóttir	ritari
Jónína Sigrún Ólafsdóttir	starfsmaður Tómsundaheimilis
Kolbrún Sigríður Sigmundsdóttir	stuðningsfulltrúi
Ólöf Stefánsdóttir	hjúkrunarfræðingur
Salome K. Jakobsdóttir	matráðskona
Sigrún Þór Björnsdóttir	skólaliði
Sigrún Guðmundsdóttir	skólaliði
Sigurbjörg Helena Jónasdóttir	skólaliði
Sigurlaug Jónsdóttir	talmeinafræðingur
Sólveig Jóhannsdóttir	skólaliði
Svala Júlía Ólafsdóttir	skólaliði
Svanfríður Snorradóttir	stuðningsfulltrúi
Trausti Valsson	skólasálfræðingur
Vigdís Ketilsdóttir	skólaliði



## 4. Símenntun starfsmanna

Árið 2004-2005 var áhersla lögð á eftirfarandi atriði í starfi Flatskóla:

- Að þróa gagnvirka upplýsingamiðlun
- Að efla umhverfismennt
- Að þróa upplýsingatækni
- Að þróa sjálfsmat skólans
- Að bæta öryggi og vellíðan í skólastarfinu
- Að leggja áherslu á að nemendur fái nám við hæfi
- Að beita fjölbreyttum aðferðum við námsmat og prófagerð
- Að tryggja öryggi nemenda og starfsmanna skólans
- Að auka heilbrigði, hreyfingu og útivist í skólanum.

Út frá þessum atriðum var símenntunaráætlun skólans unnin. Það sem flokkast undir símenntun er formleg fræðsla eins og nám, námskeið, fræðslufundir, fræðsluerindi og óformleg fræðsla eins og vettvangsferðir, fagteymisvinna, handleiðsla starfsfélaga, þróunarverkefni, leshringir, undirbúningur fræðslu fyrir aðra starfsmenn innan skóla eða utan, námsbókagerð og ýmis önnur verkefni tengd kennslu og skólastarfi.

Helstu samstarfsaðilar Flataskóla vegna símenntunar skólaárið 2004-2005 voru m.a. Hofsstaðaskóli og Garðaskóli, Skólaskrifstofa Garðabæjar, Mentor, Símenntunarstofnun Kennaraháskóla Íslands og Rauði krossinn.

Fjármagn til símenntunar starfsmanna kom m.a. af fjárhagsáætlun Flataskóla, frá Bæjarsjóði Garðabæjar og einnig var fenginn styrkur frá Menntamálaráðuneytinu úr endurmenntunarsjóði grunnskóla.

Skólaárið 2004-2005 sóttu starfsmenn ýmis námskeið, sameiginlega eða einstaklingslega samkvæmt símenntunaráætlun skólans.

Allir starfsmenn tóku þátt í verkefninu *Gegn einelti* í Garðabæ. Verkefnið hófst á sameiginlegum fræðslufundi allra grunnskólanna á starfsdegi í ágúst. Áherslan í vetur var á bekkjarfundi sem umsjónarkennarar stýrðu og skipulögðu.

Fimmtudaginn 12. ágúst sóttu kennarar skólans námskeið í kennslu og bekkjarstjórnun í stórum og getublönduðum bekkum. Stjórnandi var Guðríður Adda Ragnarsdóttir, atferlisfræðingur og kennari.

Fimmtudaginn 19. ágúst var námskeið fyrir alla móðurmálskennara um gagnvirkan lestur haldið í Hofsstaðaskóla. Stjórnandi var Rósa Eggertsdóttir.

Á starfsdögum í ágúst var haldið skyndihjálparnámskeið fyrir alla nýja starfsmenn skólans.

Nokkur fræðsluerindi voru í boði fyrir starfmenn á skólaárinu og má þar nefna erindi Ingunnar Gísladóttur um breytingastjórnun og erindi Einars Gylfa Jónssonar sálfræðings, um samskipti, liðsheild og líðan á vinnustað.

Námskeið var haldið í október fyrir stuðningsfulltrúa skólans um þroskafrávik. Stjórnandi var Laufey I. Gunnarsdóttir, þroskaþjálfari. Einnig var námskeið fyrir skólaliða um líkamsbeitingu. Stjórnandi var Magnús H. Ólafsson, sjúkraþjálfari og íþróttakennari.

Stjórnendur voru á námskeið í vetur sem haldið var fyrir stjórnendur í Garðabæ og Reykjanesbæ. Skref á átt til einstaklingsmiðaðs náms. Stjórnandi námskeiðsins var Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við KHÍ.

*M. Elín Guðmundsdóttir, aðstoðarskólalastjóri*

## 5. Samstarf heimila og skóla

### *Haustkynningarfundir*

Haustkynningarfundir skólaárið 2004 - 2005 voru haldnir dagana 13. - 17. september, einn árgangur hvern dag. Fundartíminn var kl. 8:10 - 9:10. Nemendur mættu samkvæmt stundaskrá en var kennt annarsstaðar á meðan á fundi stóð. Á þessum fundum kynna umsjónar-kennarar skólafundið og foreldrar ræða ýmis mál.

Í 1. bekk komu foreldrar/forráðamenn fyrst á hópfund í skólann í maí að vori, áður en barnið byrjar í skólanum. Kynningarfundur var síðan haldinn 19. ágúst og í framhaldi af þeim fundi voru einstaklingsviðtöl umsjónarkennara við foreldra og barn mánudaginn 23. ágúst. Í febrúar var síðan fræðslufundur fyrir foreldra/forráðamenn þar sem kynntar voru áherslur í lestrar- og stærðfræðikennslu.

Í 4. bekk komu foreldrar fyrst saman á sal. Þar var fyrirkomulag samræmdra prófa kynnt. Eftir kynningu á sal fóru foreldrar með umsjónarkennarum í stofur barnanna þar sem skólafundið í 4. bekk var kynnt nánar.

## **Foreldradagar**

Foreldradagur sem vera átti í október féll niður vegna verkfalls. Seinni foreldradagur sem átti að vera í janúar var felldur niður, en í staðinn voru foreldraviðtöl eftir kennslu í febrúar. Aðrir kennarar og starfsmenn voru einnig til viðtals í skólanum þegar viðtölin fóru fram. Foreldrar mættu að venju mjög vel á þessa fundi og var mæting á foreldradag í febrúar 100% sem verður að teljast hreint frábær mæting.

## **Skýrsla foreldraráðs Flataskóla**

### **Stjórn**

Foreldraráð Flataskóla var fullskipað veturinn 2004-2005. Aðalmenn voru Bryndís Ólafsdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir og Guðfinna Harðardóttir, sem jafnframt var formaður. Varamenn voru Jens G. Einarsson, Sigríður G. Guðmundsdóttir og Práinn Valur Hreggviðsson. Ráðið fundaði að öllu jöfnu einu sinni í mánuði og allar fundargerðir má finna á heimasíðu Flataskóla undir efnisliðnum *Foreldraráð*.

Foreldraráðið átti einnig fundi með skólastjórnendum og fulltrúum bæjaryfirvalda um ýmis mál er varða grunnskólann. Þess utan átti foreldraráð fund með ritstjórn skólanámskrár til að kynna umsögn þess fyrrnefnda um skólanámskrá Flataskóla 2004-2005.

Helstu mál foreldraráðs veturinn 2004-2005 voru:

- Verkfall grunnskólakennara.
- Ný skipan matarmála í Flataskóla.
- Yfirferð skólanámskrár.
- Skóladagatal.
- Flutningur 7. bekkjar frá Garðaskóla yfir í Flata- og Hofsstaðaskóla.

Auk þess sótti fulltrúi foreldraráðs ráðstefnuna *Drengjamening í grunnskólum, Áhrif - Afleiðingar - Aðgerðir* í boði skólaskrifstofu Garðabæjar. Þar var fjallað um rannsóknir á líðan drengja og stúlkna í íslenskum skólum. Formaður foreldraráðs sat einnig tvo vinnufundi *Vertu til verkefnisins*, sem er samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Lýðheilsustöðvar. Markmið þessara funda er að móta forvarnarstefnu fyrir sveitarfélagið og verður lokafundurinn haldinn haustið 2005.

Samstarf foreldrafélaga og foreldraráða í Garðabæ fékk á sig nýjan brag haustið 2004 þegar foreldrafélög og foreldraráð Flataskóla, Garðaskóla og Hofsstaðaskóla stofnuðu sameiginlegt *Svæðaráð foreldrafélaga og foreldraráða við grunnskóla Garðabæjar*. Svæðaráðið er vettvangur þessara aðila til að hittast og heyra hvað er helst á baugi í öðrum grunnskólum sveitarfélagsins. Auk þess er svæðaráðið formlegur tengiliður við foreldrasamtökin *Heimili og skóli*. Markmið svæðaráðsins er að gæta hagsmuna grunnskólabarna í Garðabæ og sitja formenn foreldrafélaga og foreldraráða grunnskólanna þriggja ásamt fulltrúa foreldra í

skólanefnd grunnskóla fundi svæðaráðs. Fundir voru haldnir u.p.b. einu sinni í mánuði og fundargerðir er að finna á heimasíðu Garðabæjar [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) undir liðnum *Skólar*.

Foreldraráð Flataskóla þakkar samstarfið í vetur og óskar nemendum og starfsfólki Flataskóla ánægjulegs sumars.

### ***Bekkjarfulltrúar skólaárið 2004-2005***

Á haustkynningarfundum í öllum bekkjum eru valdir 2 - 3 bekkjarfulltrúar fyrir hvern bekk.

Skólaárið 2004 - 2005 voru eftirfarandi bekkjarfulltrúar:

#### **6.bekkur RF**

Ágústa Hjartar Ástráðsdóttir

Jens G. Einarsson

Kristín Helga Gunnarsdóttir

#### **6.bekkur SG**

Bjarndís Lárusdóttir

Oddný Þóra Helgadóttir

Hrafn Hauksson

#### **6.bekkur SK**

Ingibjörg Friðbjörnsdóttir

Jóhann Arnarson

María Guðnadóttir

Þorbjörg Albertsdóttir

#### **5.bekkur AS**

María Aðalheiður Sigurðardóttir

Guðný Ingunn Aradóttir

Súsanna Helen Davíðsdóttir

Hulda Hrönn Jónsdóttir

#### **5.bekkur GR**

Óskar Baldursson

Ingibjörg Friðbjörnsdóttir

Dóra Þórisdóttir

#### **5.bekkur HG**

Ingibjörg Þorgilsdóttir

Þorgerður Þráinsdóttir

#### **5.bekkur HSG**

Lilja Jónasdóttir

Ingilaug Erlingsdóttir

**4.bekkur ER**

Kolbrún Bergmann  
Ingibjörg Bergþórsdóttir

**4.bekkur GS**

Katrín Halldórsdóttir  
Hildur Hilmarsdóttir  
Helgi Mar Gunnarsson

**4.bekkur HL**

Ragný Þóra Guðjohnsen  
Guðrún Guðmundsdóttir  
Rósa Karlsdóttir

**4.bekkur HS**

Sigrún Ómarsdóttir  
Auður Smith

**3.bekkur EÁ**

Sigríður Björk Gunnarsdóttir  
Kristbjörg Magnúsdóttir

**3.bekkur IK**

Hanna Dóra Magnúsdóttir  
Ásgerður Guðmundsdóttir  
Soffía Pálsdóttir

**3.bekkur OS**

Ragnheiður Katla Laufdal  
Bryndís Ólafsdóttir

**2.bekkur GB**

Kristín G. Björk Reynisdóttir  
Guðrún Högnadóttir  
Kristín Helga Gunnarsdóttir

**2.bekkur HM**

Edda Rósa Gunnarsdóttir  
Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir  
Hanna Kristín Gunnarsdóttir

**2.bekkur MH**

María Aðalheiður Sigurðardóttir  
Práinn Valur Hreggviðsson

**1.bekkur ED**

Bjarney Sigurðardóttir  
Ragnheiður Katla L. Ólafsdóttir  
Bryndís Ólafsdóttir  
Sólveig Kristjánsdóttir

## 1. bekkur GL

Hildur Ólafsdóttir

Margrét Rúnarsdóttir

Guðrún Borghildur Jóhannsdóttir



Útivistardagar í júní

## 6. Skýrsla deildarstjóra

Í vetur voru deildarstjórar við skólann:

Ólöf Sigurðardóttir 1.- 3. bekk

Vilhjálmur Kári Haraldsson 4. - 6. bekk

Starf deildarstjóranna felst í að hafa umsjón með árgöngum 1. - 6. bekkjar og sjá um að eðlileg samfella myndist í náminu, að fylgt sé kennsluáætlunum og að unnið sé samkvæmt námsskrá. Einnig kynntu deildarstjórar árgöngunum ýmsar kennslufræðilegar hugmyndir og studdu kennara við að fylgja þeim. Unnið var að samræmingu milli árganga, höfð var yfirumsjón með prófum, prófagerð, yfirlestri og yfirferð. Deildarstjórar tóku þátt í vinnu ýmissa starfshópa. Deildarstjórarinn sáu um að kynna nýtt námsefni fyrir kennurum árganganna og komu með hugmyndir að innkaupum á kennslutækjum.

Deildarstjórar studdu kennara skólans í ýmsum málum sem upp komu meðal nemenda. Þeir sátu í nemendavendarráði sem fundaði vikulega um málefni nemenda. Deildarstjórar höfðu umsjón með umgengni og atferlismótun nokkurra nemenda og var málum þeirra fylgt eftir. Þá var kennurum veitt ráðgjöf í þessum efnum og var eftirfylgni stýrt af þeim í mörgum málum. Eins hafa deildarstjórar skipulagt viðbrögð við eineltismálum sem komið hafa upp í skólanum og í því sambandi átt fundi með sérfræðingum (s.s. sálfræðingum og læknum), umsjónarkennurum, nemendum og forráðamönnum þeirra. Nokkur fjöldi forráðamanna hefur haft samband við deildarstjóra og fengið ráðgjöf vegna ýmissa mála er snerta nemendur.

Mikið og gott samstarf var við sérkennara skólans og sálfræðing. Deildarstjórar sáu um og framkvæmdu kannanir sem sneru að líðan nemenda.

Deildarstjórar funduðu vikulega með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Fundað var að minnsta kosti tvisvar í mánuði með umsjónarkennurum í hverjum árgangi. Á þessum fundum er starfið samræmt og upplýsingum komið á framfæri. Nokkrir deildarfundir voru haldnir undir stjórn deildarstjóra á viðkomandi stigi þar sem rædd voru ýmis mál sem tengdust árgöngunum.

Deildarstjóri yngra stigs fundaði með tengiliðum leikskóla bæjarins og sá um skipulagningu á heimsóknnum leikskólabarna í Flataskóla. Deildarstjóri ásamt deildarstjóra sérkennslu heimsótti alla leikskóla bæjarins og fékk þar upplýsingar um verðandi nemendur. Deildarstjóri yngra stigs sá um að skipuleggja heimsóknir umsjónarkennara 1. bekkja í leikskólana. Hann sá einnig um að raða nemendum í 1.bekk .

Deildarstjóri eldra stigs var í forsvari hóps sem sá um skipulagningu 7.bekkjanna sem verða í skólanum á næsta skólaári.

Deildarstjórnir fóru á ýmis námskeið, ráðstefnur og fræðslufundi. Ber þar hæst námskeiðið Skref í átt að einstaklingsmiðuðu námi sem haldið var af KHÍ fyrir stjórnendur. Deildarstjórnir tóku virkan þátt í ráðstefnunni Drengjamening í grunnskólum sem haldin var af frumkvæði Garðabæjar. Deildarstjórar komu að skipulagi á nokkrum námskeiðum.

Deildarstjórar komu að skipulagi þemadaga. Helstu atburðir sem deildarstjórar sáu um og skipulögðu:

Umferðarvika var haldin í upphafi skólaárs. Unnu allir árgangar verkefni sem tengdust umferðarmeningu. Fengum við heimsókn frá lögreglunni og lögðum fyrir kannanir um hjálmanotkun nemendanna.

Vinavika var einnig í upphafi skólaársins. Vinabekkir unnu þessa viku ýmislegt saman.

Nokkur fjöldi eldri borgara kom í skólann í desember og spilaði félagsvist við nemendur, hlustuðu á söng yngri nemenda og gæddu sér á veitingum sem börnin sjálf höfðu útbúið.

Jólaskemmtanir voru með hefðbundnu sniði í fyrsta sinn í nýja salnum. Tókust þær að venju mjög vel.

Í janúar var brugðist við miklum áföllum sem íbúar við Indlandshaf urðu fyrir á annan dag jóla. Tóku allir nemendur og starfsmenn skólans þátt í góðgerðarsamkomu sem haldin var 20.janúar. Foreldrar komu einnig og aðstoðuðu og gáfu veglega happdrættisvinninga. Í skólann komu um 900 gestir og söfnuðust rúmlega 700 þúsund krónur. Nemendur fluttu ýmis atriði sem vöktu mikla athygli í fjölmiðlum og víðar. Féð var afhent Rauða krossinum við hátíðlega athöfn í skólanum.

Ljóðahátíð var haldin í fyrsta sinn í skólanum 29. apríl. Efnt var til ljóðakeppni og bárust á fimmta hundrað ljóð. Fengnir voru sérfræðingar í dómnefnd þau: Ragnar Ingi Aðalsteinsson, Kristín Helga Gunnarsdóttir og Arnheiður Borg sat fyrir hönd skólans.

Fjöltefli fór fram í skólanum í maí. Við börnin tefldu Guðfríður Lilja Grétarsdóttir forseti skáksambandsins, Lenka Ptácníková stórmeistari og Páll Sigurðsson formaður Taflfélags Garðabæjar. Mörg börn tóku þátt í fjölteflinu. Við þetta tækifæri kom menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir í skólann og undirritaði stórmeistarasamning við Lenku.

Á vordögum var mikið um að vera í skólanum. Skólastarf var brotið upp og fóru nemendur í fjallgöngu, reiðhjólaferð, fjöruferð, sveitaferð og haldinn var íþróttadagur þar sem hápunkturinn var knattspyrnumót milli Flataskóla og Hofsstaðaskóla. Einnig var foreldrum nemenda í 5. og 6. bekk boðið í skólann á hátíðir þar sem vinna nemenda var kynnt með leikritum, glærusýningum, söng og hljóðfæraleik. Foreldrum yngri nemenda var boðið á kórtónleika þar sem nemendur í 1.-4. bekk eru öll í kór. Síðasta daginn voru nemendur kvaddir með pylsum og leikjum á skólalóðinni í yndislegu veðri. Mikil ánægja var með vordagana bæði hjá foreldrum og börnum enda mikið lært þó ekki sé verið að vinna í bókum í skólastofunni. Skólatími nemenda var samkvæmt stundaskrá þessa daga.

Ýmsar aðrar uppákomur/ferðir voru skipulagðar í nánú samráði við skólustjórnendur og kennara.

*Ólöf Sigurðardóttir og Vilhjálmur Kári Haraldsson, deildarstjórar*



Jólin undirbúin



## 7. Skýrslur umsjónarkennara

### *Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk*

Nemendur árgangsins voru 39 í tveimur bekkjardeildum. 20 nemendur í 1.GL og 19 í 1.ED.

Kennarar voru: Elfa Dögg Einarsdóttir og Guðlaug Einarsdóttir.

Kennt var í stofum S-224 og S-226.

Í fyrsta bekk fengu nemendur 34 kennslustundir sem skiptust þannig:

Íslenska	11 kennslustundir
Stærðfræði	7 kennslustundir
Samfélagsfræði	4 kennslustundir
Náttúrufraði	3 kennslustundir
Íþróttir/sund/leikir	3 kennslustund
Kristinfræði	1 kennslustund
Tónmennt	1 kennslustund
Tölvur	1 kennslustund
Bókasafn	1 kennslustund
Handmennt	1 kennslustund
Myndmennt	1 kennslustund
Heimilisfræði	námskeið
Dans	námskeið
Sund	námskeið

### **Námsmat**

**Lestur:** Hraðlestrarpróf í janúar og maí.

**Læsi:** Læsi 1 í janúar, Læsi 2 í mars og Læsi 3 í maí. (aðeins breytt tímasetning á Læsi 1 vegna verkfalls).

**Stærðfræði:** Eitt próf var lagt fyrir í maí. Talnakannanir voru lagðar fyrir yfir veturinn.

**Könnun um líðan nemenda:** Deildarstjóri lagði fyrir líðankönnun meðal barnanna fyrir foreldraviðtölin í janúar.

**Tove Krogh:** Á að leggja fyrir þegar nemendur eru búnir að vera 6 vikur í skólanum. Að þessu sinni var það gert eftir verkfall.

**Stafakannanir:** Stafakönnun var lögð fyrir í janúar og maí um leið og lestrarprófað var.

### **Meðaltal einkunna í einstökum námsgreinum**

- Lestur: 3,5
- Stærðfræði: 8,0

### Helstu áherslur árgangsins

- Að nemendur tileinkuðu sér almennar skólareglur.
- Markviss málörvun.
- Mikil áhersla er lögð á að nemendur tileinkuðu sér tákni og hljóð bókstafanna.
- Mikil áhersla lögð á lestur og að nemendur lesi daglega í skóla og heima.
- Blöndun árgangsins er í Markvissri málörvun. Það varð til þess að nemendur samlöguðust mjög vel.
- Í skriftarkennslu er áhersla lögð á að nemendur læri og noti réttan stafdrátt.
- Í stærðfræði er áhersla lögð á að nemendur tileinki sér þau vinnubrögð sem krafist er með námsefninu Einingu.
- Í öllum námsgreinum er leitast við að gera nemendur sjálfstæða í vinnubrögðum.

### Helstu þemaverkefni í náttúru- og samfélagsfræði voru:

Umferðin, jólin, árstíðirnar, húsdýrin, bókin um mig.

### Sameiginleg þemaverkefni skólans voru:

- Jólþema
- Dýr á veiðum

### Vettvangsferðir - uppákomur - bekkjarkvöld

- Nokkrar gönguferðir voru farnar í nágrenni skólans.
- Kirkjuferð í desember.
- Bekkjarkvöld fyrir og eftir áramót.
- Í apríl var farið í Háskólabíó á Tónlist fyrir alla og á barnaóperuna "Undir drekavæng" í Gerðubergi.
- Ferð í Árbæjarsafn í maí.
- Uppskeruhátíð í maí

### Það sem gekk vel

- Samstarf milli kennara í árganginum hefur verið gott og tókst ágætlega að skipta með sér verkum.
- Blöndun nemenda á milli bekkja skilar góðum árgangi.
- Lestrarkennslan gekk vel og flestir nemendur sýndu framfarir bæði í hraða og lesskilningi.
- Foreldrasamstarf gekk mjög vel og var foreldrahópur mjög áhugasamur.
- Skipulag þemadaganna gekk vel og var ánægja meðal nemenda og kennara.

## Nýbreytni

- Breyting varð á heimavinnu og var það jákvætt. Útbúnaðar voru nýjar heimavinnubækur sem tengdust stofum og stærðfræði.
- Blöndun var innan bekkja í Markvissa málörvun og skilaði það góðum árangri hjá nemendum og góð leið fyrir kennara til að kynna nemendum annarra bekkja.
- 100 daga hátíð sem gekk mjög vel.

### *Elfa Dögg Einarsdóttir og Guðlaug Einarsdóttir*



Nemendur í 1. bekk

## **Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk**

Nemendur árgangsins voru 67 í þremur bekkjardeildum. 23 í 2.GB., 22 í 2.HM. og 22 í 1.MH.

Kennarar voru: Helga Melsted, Margrét Ásdís Haraldsdóttir og Ragna Gunnarsdóttir sem fór í barnsburðarleyfi í september og tók þá Guðrún Birna Gylfadóttir við af henni. Kennst var í stofum S-218, S-220 og M-209.

**Í öðrum bekk fengu nemendur 34 kennslustundir á viku sem skiptust þannig:**

Íslenska	11 kennslustundir
Stærðfræði	6 kennslustundir
Samfélagsfræði	4 kennslustundir
Náttúrufræði	3 kennslustundir
Íþróttir/leikir	3 kennslustundir
Kristin fræði	1 kennslustund
Tónmennt	1 $\frac{1}{2}$ kennslustund

Tölvur	1 ½ kennslustund
Bókasafn	1 kennslustund
Handmennt	1 kennslustund
Myndmennt	1 kennslustund
Heimilisfræði	námskeið
Sund	námskeið
Dans	námskeið

### Námsmat

**Lestur:** Hraðlestrarpróf í september, desember og maí.

**Læsi:** Læsi 1 í nóvember og Læsi 2 í maí.

**Skrift:** Próf í janúar og maí. Auk þess er frágangur vinnubóka metinn.

**Stafsetning:** Könnun í stafsetningu janúar og maí (Aston index).

**Stærðfræði:** Könnun í upphafi skólaárs. Próf í janúar og maí. Árangur í könnunum og prófum á vorönn, auk sjálfstæðis og vinnusemi lagður til grundvallar lokæinkunnar.

**Könnun um líðan nemenda:** Deildarstjóri lagði fyrir líðankönnun meðal barnanna fyrir foreldraviðtölin í janúar.

### Meðaltal einkunna í einstökum námsgreinum

	Haustönn	Vorönn
Lestur	5,1	5,4
Lesskilningur	62,0%	67,0%
Stærðfræði	8,5	8,3
Skrift og frágangur	6,63	7,4

### Helstu áherslur árgangsins

- Að nemendur tileinki sér almennar skólareglur
- Mikil áhersla lögð á lestur og að nemendur lesi daglega heima og eftir því sem við verður komist í skóla.
- Í skriftarkennslu er áhersla lögð á að nemendur dragi rétt til stafs og tileinki sér vönduð vinnubrögð.
- Í stærðfræði er rík áhersla lögð að nemendur tileinki sér þau vinnubrögð sem krafist er með námsefninu Einingu.
- Í öllum námsgreinum er leitast við að gera nemendur sjálfstæða í vinnubrögðum.
- Góð samvinna við heimili og skóla vegna heimavinnu og almenns skólastarfs.

### Helstu þemaverkefni í náttúru- og samfélagsfræði

Umferðin, veður, árstíðir, mánuðir og vikudagar, páskaungarnir og jörðin okkar.

**Sameiginleg þemaverkefni skólans voru:**

- Jóláþema
- Dýr á veiðum

**Vettvangsferðir - uppákomur - bekkjarkvöld**

- Gönguferðir í nágrenni skólans.
- Kirkjuferð í desember.
- Pósthúsið í Hagkaup heimsótt í mars.
- Í apríl var farið í Háskólabíó á Tónlist fyrir alla.
- Fjallganga á Þorbjarnarfell við Grindavík í júní.
- Brú milli heimsálfa við Hafnir skoðuð í júní.
- Morgunkaffi skipulagt af bekkjarfulltrúum.
- Bekkjarkvöld á vorönn.
- Fjölbreytt starf skipulagt af bekkjarfulltrúum á skólaárinu. Sem dæmi vinahópar, grillferðir í Heiðmörk og sundferðir.
- Vinabekkir hittust og spiluðu saman.

**Það sem gekk vel**

- Námsárangur nemenda var almennt góður.
- Lestrarkennslan gekk mjög vel og margir nemendur sýndu miklar framfarir bæði í hraða og lesskilningi.
- Í stærðfræðinni ræktuðu nemendur allskyns plöntur í skólastofu í tengslum við Einingu 4.
- Nemendur æfðu sig í Ritfinni, forrit sem æfir réttar fingrasetningar, við mikinn áhuga.
- Í samfélagsfræði var unnið með námsefnið Komdu og skoðaðu land og þjóð og reyndist það bæði skemmtilegt og fjölbreytt.
- Í náttúrufræði var unnið með hringjabókina og ýmislegt sem tengist hringforminu s.s. árstíðir, mánuðir, ár og klukku.
- Í heimilisfræði var einn bekkur í senn, allur hópurinn saman. Bekkjarkennari var heimilisfræðikennara til aðstoðar. Með þessu móti fengu nemendur fleiri tíma við mikla gleði.
- Á vordögum var uppskeruhátíð í tónmennt. Allir nemendur árgangsins sungu saman fjölda laga á sal við góðan fögnuð áhorfenda.
- Nemendur tóku þátt í ljóðakeppni. Skemmtilegt og lærdómsríkt uppbrot á skólastarfi.
- Verkefni á vegum Heimilis og skóla vegna heimavinnu. Unnið í góðu samstarfið við foreldra.
- Á góðgerðarsamkomunni lögðu allir sitt af mörkum. Eftirminnileg fyrir margra hluta sakir. Allir bekkir lögðu til atriði á samkomunni.
- Skipulag þemadaganna gekk vel og bæði var ánægja með viðfangsefnin og skiptingu árganga.
- Foreldrasamstarf gekk mjög vel og var foreldrahópur mjög áhugasamur.

- Samstarf milli kennara í árganginum hefur verið mjög gott og tókst ágætlega að skipta með sér verkum.

*Guðrún Birna Gyölfadóttir, Helga Melsteð og Margrét Ásdís Haraldsdóttir*



Nemendur í 2. bekk í tónmennt

### ***Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk***

Nemendur árgangsins voru 78 í þremur bekkjardeildum. 26 í 3.EÁ., 26 í 3.IK og 26 í 3.OS.

Kennarar voru: Iðunn Kjartansdóttir, Olga Snorradóttir og Rakel Svansdóttir sem fór í barnsburðarleyfi í september og tók þá Elín Ása Þorsteinsdóttir við af henni.

Kennt var í stofum V-203, V-205, V-207.

**Í þriðja bekk fengu nemendur 34 kennslustundir á viku, sem skiptust þannig:**

Íslenska	9 kennslustundir
Stærðfræði	6 kennslustundir
Samfélagsfræði	4 kennslustundir
Náttúrufræði	3 kennslustundir
Kristin fræði	1 kennslustund
Tónmennt	1 kennslustund
Kór	1 kennslustund
Lífsleikni	1 kennslustund
Tölvur	1 kennslustund
Ritþjálfari	1 kennslustund
Bókasafn	1 kennslustund
Handmennt	1 kennslustund
Myndmennt	1 kennslustund
Íþróttir/leikir	3 kennslustundir

Heimilisfræði  
Sund

námskeið  
námskeið

### Námsmat

**Lestur:** Hraðlestrarpróf í september, janúar og maí.

**Læsi:** Vorhefti 2. bekkjar endurtekið í nóvember.

**Skrift:** Próf í janúar og maí. Auk þess er frágangur vinnubóka metinn.

**Stafsetning:** Könnun í stafsetningu í janúar og maí (Aston index).

**Stærðfræði:** Nokkrar kannanir lagðir fyrir. Próf í janúar og maí. Árangur í könnunum, prófum auk sjálfstæðis og vinnusemi lagður til grundvallar lokaeinkunnar.

Meðaltal einkunna í einstökum námsgreinum:

	Haustönn	Vorönn
Lestur	6,4	7,1
Stærðfræði	7,6	7,8
Skrift	6,7	7,0



Í stærðfræðistofu hjá 3. bekk

### Helstu áherslur árgangsins

- Mikil áhersla lögð á að auka lestrarhraða og að bæta lesskilning. Einnig að nemendur lesi daglega heima og í skóla.
- Í skriftarkennslu er áhersla lögð á að nemendur dragi rétt til stafs og tileinki sér vönduð vinnubrögð. Börnin byrjuðu að nota tengiskrift um áramót.
- Í stærðfræði er rík áhersla lögð á að nemendur tileinki sér þau vinnubrögð sem krafist er með námsefninu Einingu. Lögð var áhersla að nemendur læri margföldunartöfluna utanbókar.
- Í öllum námsgreinum er leitast við að gera nemendur sjálfstæða í vinnubrögðum.

## Helstu þemaverkefni í náttúru- og samfélagsfræði

Heildstætt samfélagsfræðiverkefni sem byggist á Kisulandsverkefni Herdísar Egilsdóttur tók mestan hluta samfélags- og náttúrufræðikennslu vetrarins. Þetta verkefni var samþætt með íslensku, handmennt, tölvum og tónmennt.

Útbúið var dagatal fyrir árið 2005. Bekkjakennari vann verkefnið með nemendum í samráði við hand- og myndmenntakennara.

### Sameiginleg þemaverkefni skólans voru:

- Jólþema
- Dýr á veiðum

### Vettvangsferðir - uppákomur - bekkjarkvöld

- Gönguferðir í nágrenni skólans.
- Piparkökuskreyting fyrir áramót (foreldrar).
- Kirkjuferð í desember.
- Farið var í Mjólkursamsöluna í apríl (v/verkfalls).
- Hjóla- og strætóferð.
- Sveitaferð að Grjóteyri í Kjós í byrjun maí.
- Þjóðhátíð í maí.

### Það sem gekk vel

- Námsárangur nemenda er almennt góður.
- Lestrarkennslan gekk mjög vel og margir nemendur sýndu miklar framfarir bæði í hraða og lesskilningi.
- Í stærðfræði var ákveðið að færniskepta bekkjunum þrisvar sinnum í viku allan veturinn. Reynslan af því var mjög jákvæð og virtust nemendur njóta sín vel.
- Í samfélagsfræði var tekið upp nýtt námsefni Komdu og skoðaðu himingeiminn og reyndist það bæði skemmtilegt og fjölbreytt.
- Skipulag þemadaganna gekk vel og bæði ánægja með viðfangsefnin og skiptingu árganga.
- Samstarf milli kennara í árganginum hefur verið gott og tókst ágætlega að skipta með sér verkum.

*Elín Ása Þorsteinsdóttir, Iðunn Kjartansdóttir og Olga G. Snorradóttir*



## Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk

Nemendur árgangsins voru 74 í fjórum bekkjardeildum. 18 í 4.ER., 18 í 4.GS., 19 í 4.HL. og 19 í 4.HS.

Kennarar voru Erna Þorleifsdóttir, Guðríður Sveinsdóttir sem fór í veikindaleyfi í janúar og tók þá Lea Helga Ólafsdóttir við af henni, Halla I. Svavarsdóttir og Hanna Lóa Friðjónsdóttir.

Kennt var í stofum A-202, A-204, A-206 og A-208.

Í fjórða bekk fengu nemendur 36 kennslustundir á viku sem skiptust þannig:

Íslenska	9 kennslustundir
Stærðfræði	6 kennslustundir
Kristinfræði	1 kennslustund
Náttúrufræði	3 kennslustundir
Samfélagsfræði	4 kennslustundir
Ritþjálfari	1 kennslustund
Leikfimi	2 kennslustundir
Sund	1 kennslustund
Tónmennt og kór	2 kennslustundir
Tölvur	2 kennslustundir
Lífsleikni/Bókasafn	1 kennslustund
List- og verkgreinar	4 kennslustundir

List- og verkgreinar, smíði, handmennt, heimilisfræði og myndmennt voru kenndar í lotum, fjórir tímar á viku.

### Námsmat

Fyrsta námsmatið fór fram í september, það var í lestri. Vegna verkfalls tóku nemendur samræmd próf í íslensku og stærðfræði í febrúar. Síðan voru hefðbundin próf í janúar og maí.

Nemendur tóku próf í eftirtöldum námsgreinum:

	Haustönn	Vorönn
Lestur	7,3	8,0
Íslenska	7,9	8,5
Skrift	7,3	7,5
Stærðfræði	8,1	8,1
Náttúrufræði		8,5

### Áherslur í starfi

- Helstu áhersluatriði í árganginum voru mikil og góð samvinna milli bekkjarkennara og færninám í stærðfræði. Mikil áhersla lögð á að auka lestrarhraða og að bæta lesskilning. Einnig að nemendur lesi daglega heima.
- Í stærðfræði er áhersla lögð á að nemendur tileinki sér þau vinnubrögð sem krafist er í námsefninu Einingu.
- Í öllum námsgreinum er leitast við að gera nemendur sjálfstæða í vinnubrögðum.

### Vettvangsferðir, félagslíf og þemadagar

- Jólþema.
- Dýr á veiðum.
- Kirkjuferð í desember.
- Safnasvæðið á Akranesi í maí.
- Kartöflur settar niður í garðlöndum Garðabæjar.
- Diskótek var haldið fyrir alla bekkina í febrúar.
- Grillað var með foreldrum í Heiðmörk í lok maí.

### Það sem gekk vel

- Námsárangur nemenda er almennt góður.
- Lestrarkennslan gekk mjög vel og margir nemendur sýndu miklar framfarir bæði í hraða og lesskilningi.
- Í stærðfræði var ákveðið að færniskipta bekkjunum tvisvar sinnum í viku allan veturinn.
- Í samfélagsfræði var unnið með bókina Ísland og Ísland fyrr og nú. Mikil ánægja var með verkefnin sem tengtust bókinni Ísland fyrr og nú.
- Skipulag þemadaganna gekk vel og ánægja með viðfangsefnin.
- Samstarf milli kennara í árganginum hefur verið gott og tókst ágætlega að skipta með sér verkum.

*Erna Þorleifsdóttir, Halla Svavarsdóttir,  
Hanna Lóa Friðjónsdóttir og Lea Helga Ólafsdóttir*



### **Samræmd könnunarpróf í 4. bekk - niðurstöður**

Samræmd könnunarpróf í 4. bekk fóru fram 3. og 4. febrúar 2005. Prófað var í íslensku og stærðfræði. Meðaleinkunn nemenda í íslensku var 7,5 og í stærðfræði 7,4. Normaldreifðar einkunnir skólans á kvarðanum 0-60 voru í íslensku 33,8 og í stærðfræði 34,7.

#### **Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0-60 árið 2004**

	Flataskóli	Suðvesturkjördæmi	Reykjavík	Landið allt
<b>Stærðfræði</b>	33,8	31,3	29,8	30
<b>Íslenska</b>	34,7	30,8	30,8	30

#### **Samræmdar einkunnir á kvarðanum 1-10 árið 2004**

	Flataskóli	Suðvesturkjördæmi	Reykjavík	Landið allt
<b>Stærðfræði</b>	7,5	7,1	6,8	6,9
<b>Íslenska</b>	7,4	6,9	6,9	6,8

Eins og sést á tölunum var árangur nemenda í 4. bekk mjög góður. Markmið Flataskóla er að nýta niðurstöður samræmdra könnunarprófa til að bæta skólastarfið. Mikil áhersla hefur verið á stærðfræði undanfarin ár og virðist það skila árangri. Á næstu árum er mikilvægt að leggja áherslu á þá þætti íslenskunnar sem komu verst út en það eru stafsetning og ritun. Efla þarf umræðu og endurskoða kennsluaðferðir.

*Vilhjálmur Kári Haraldsson, deildarstjóri eldra stigs*

### **Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk**

Nemendur árgangsins voru 84 í fjórum bekkjardeildum. 21 í 5.AS., 22 í 5.GR., 22 í 5.HG. og 19 í 5.HSG.

Kennarar voru Auður Skúladóttir, Guðríður Rail, Halla Rósinkranz Guðmundsdóttir og Helga Sigríður Guðjónsdóttir.

Kennt var í stofum N-117, N-119, N-217 og N-219

Í fimmta bekk fengu nemendur 36 kennslustundir á viku sem skiptust þannig:

Íslenska	9 kennslustundir
Stærðfræði	6 kennslustundir
Náttúrufræði	3 kennslustundir
Samfélagsfræði	3 kennslustundir
Tölvur	1 $\frac{1}{2}$ kennslustund
Kristinfræði	1 kennslustund
Sund	1 kennslustund
Enska	2 kennslustundir
Leikfimi	2 kennslustundir
Ritþjálfari	1 kennslustund
Tónmennt	1 $\frac{1}{2}$ kennslustund
Lífsleikni	1 kennslustund
List- og verkgreinar	4 kennslustundir

List- og verkgreinar, smíði, handmennt, heimilisfræði og myndmennt voru kenndar í lotum, fjórir tímar á viku.

#### Námsmat

Námsmat var þannig í flestum greinum að vinna og kannanir giltu 50% og próf 50%.

**Íslenska:** Próf lögð fyrir í janúar og maí. Í maí var prófað í málfræði, bókmenntum og ljóðum. Í desember var prófað í málfræði og lesskilningi.

**Stafsetning:** Kannanir lagðar fyrir reglulega sem giltu til lokaeinkunnar. Próf lögð fyrir í desember og maí.

**Stærðfræði:** Kannanir lagðar fyrir eftir ákveðinn blaðsíðufjölda í Geisla 1B en slíkt vantar við Geisla 1A. Próf lögð fyrir í janúar og maí.

**Samfélagsfræði:** Sögupróf í janúar og landafræðipróf í maí.

**Náttúrufræði:** Kannanir lagðar fyrir úr Auðvitað 1. Lokapróf úr Auðvitað 1 í maí.

**Kristinfræði:** Mat fór fram vikulega í verkefna- og umræðuformi. Nemendur tóku ekkert próf í kristinfræði og fengu því enga einkunn.

**Enska:** Tekin voru nokkur glósupróf yfir veturinn. Lokapróf var í maí.

	Haustönn	Vorönn
Lestur	7,2	7,8
Stafsetning	7,2	7,4
Íslenska	8,9	8,1
Stærðfræði	7,5	8,2
Enska		8,7
Náttúrufræði		8,1
Íslandssaga	8,8	
Landfræði		7,7

### Áherslur

- Lögð var áherslu á heildstæða móðurmálskennslu. Nemendur lásu heima í samlestrarbókum og unnu síðan verkefni í skólanum. Verkefnin tóku á ritun, lesskilningi, stafsetningu og málfræði.
- Bætt lestrarlag og -hraði. Nemendur urðu að lesa upphátt heima yfir ákveðið tímabil. Einnig var unnið í hópum og einstaklingslega í skólanum.
- Reynt var að koma til móts við þarfir hvers og eins með getuskiptri heimavinnu í stærðfræði og getuskiptum stærðfræðihópum.
- Samvinna milli bekkja var töluverð. Þannig vildum við efla andann innan árgangsins.
- Vönduð og öguð vinnubrögð. Reyndum að virkja þann þátt með því að láta vinnu vetrarins gilda sem hluta af lokaeinkunn.

### Vettvangsferðir

Rafheimar á haustdögum.

Skíðaferð í janúar.

Hjólaferð.

Fjallganga á Helgafell - vorferð.

Gróðursetning í Hnoðraholti í júní.

*Auður Skúladóttir, Guðríður Rail,  
Halla Rósenkranz og Helga Sigríður Guðjónsdóttir*



Unnið með landnám Íslands



Úti í náttúrunni

## Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk

Nemendur árgangsins voru 75 í þremur bekkjardeildum. 23 í 6.RF., 26 í 6.SG. og 26 í 6. SK.

Kennarar voru: Ragnheiður Friðjónsdóttir, Skúli Kristjánsson Þorvaldz og Svanhvít Guðbjartsdóttir. Kennt var í stofum V-103, V-105 og V-107.

**Í 6. bekk fengu nemendur 36 kennslustundir á viku sem skiptust þannig:**

Íslenska	9 kennslustundir
Strærðfræði	6 kennslustundir
Náttúrufræði	3 kennslustundir
Samfélagsfræði	4 kennslustundir
Kristinfræði	1 kennslustund
Enska	2 kennslustundir
Lífsleikni	1 kennslustund
Tölvur	2 kennslustundir
List- og verkgreinar	4 kennslustundir
Tónmennt	1 kennslustundir
Sund	1 kennslustund
Leikfimi	2 kennslustundir

### Áhersluatriði:

Helstu áhersluatriði árgangsins voru að vinna í lotum og samþætta námsgreinar. Um leið átti að vinna með hæfni nemenda til að vinna í hópi og að meta eigin frammistöðu. Í því fólst að láta árganginn vinna meira saman, bæði í leik og starfi. Námsmat átti ekki að miðast við eitt próf heldur vera fjölbreytt ferli sem næði yfir ákveðnar lotur.

### Helstu viðfangsefni:

Haldið var áfram með færni miðað nám í ensku og stærðfræði.

Heildstæðri móðurmálskennslu var beitt í verkefnum og unnin verkefni í íslensku þar sem bókin Benjamín dúfa var lesin. Ásamt því var íslensku fléttað inn í verkefni í náttúru- og samfélagsfræði. T.d. var unnin heimasíða í náttúrufræði með tilheyrandi textagerð. Bókin Snorri Sturluson var lesin í tengslum við yfirferð á Sjálfstæði Íslendinga í samfélagsfræði. Lært var um Norðurlöndin með söguaðferðinni og söguramma fylgt og útbúin vinnubók.

Verkefnið Vífilsstaðavatn - Gersemi Garðabæjar var unnið í náttúrufræði. Ljóðasamkeppni Flataskóla var ný af nálinni og lærðu nemendur að yrkja eftir limru- og ferskeytluformi. Á þemadögum sem voru tvisvar á árinu var unnið með „Varanlegt jólas kraut“ og síðan með „Villt dýr“.

**Vettvangsferðir:**

Farið var í Vindáshlíð þar sem gíst var yfir nótt og þar gengið á Sandfell. Farið var í Sögusafnið í Perlunni í tengslum við samfélagsfræði. Umhverfi Vífilsstaðavatns skoðað og eldri borgurum boðið í félagsvist. Það var haldið diskótek í apríl og foreldrum boðið á Norðurlandakvöld.

**Námsmat:**

Námsmat var þannig að nemendur tóku skyndipróf, unnu viðamikil verkefni og tóku lokapróf. Ekki tókst þó að koma því við í öllum fögum og var þá um lokapróf ásamt vinnueinkunn að ræða.

**Meðaltal einkunna í árganginum:**

	Haustönn	Vorönn
Lestur	7,8	8,0
Skrift	8,3	8,6
Íslenska	8,2	8,3
Stærðfræði	7,9	8,2
Enska		8,6
Náttúrufræði		8,6
Íslandssaga	8,9	
Landafræði		9,0

**Hvað tókst vel (nýbreytni)?:**

Vinna í lotum koma einstaklega vel út. Nemendur unnu þá markvisst í ákveðnu fagi samfélags- eða náttúrufræðinnar og var samþætt við aðrar greinar, s.s. íslensku. Nemendur settu sér markmið fyrir hverja lotu, annaðhvort skriflega eða munnlega, og þurftu að meta eigin frammistöðu í lok hvernar lotu. Um leið var tekin upp einkunnagjöf fyrir alla vinnu. Skipulagið skilaði skilvirkari og áhugasamari nemendum. Nemendum þótti meira til vinnu sinnar koma og samvinna og hópavinna, gekk mun betur. Nemendur hættu að velta sér upp úr hverjum þeir ynnu með og lögðu þess í stað áherslu á að ná góðum árangri. Viðhorfsbreyting gerði það að verkum að nemendur gátu haft meira um verkefni og viðburði að segja. Á þennan hátt er einnig mun frekar verið að vinna með einstaklinginn og samræmist það hinu svokallaða einstaklingsmiðaða námi sem haft er að leiðarljósi í dag. Bæði kennarar og nemendur voru mun ánægðari með þetta vinnufyrirkomulag. Kom það í ljós þegar nemendur kynntu sínar hugmyndir fyrir næsta skólaár, 7. bekk.

Ljóðakennsla og ljóðasamkeppni heppnuðust mjög vel og var góð viðbót í flórana.

**Hvað má bæta?:**

Í ljósi þess hversu vel það gafst að vinna í lotum og breyta námsmati þá er ljóst að það hefði mátt huga að þessu í öllum greinum. Gaman hefði verið að ná að virkja alla kennara í það minnsta í einni lotu. Þannig væri hægt að samþætta fleiri námsgreinar saman í einni lotu. Samvinna milli bekkja hefði getað verið meiri en hún varð öflugri er á leið og var til að mynda Vindáshlíðarferð og Norðurlandakvöld eitthvað sem bætti úr því.

*Ragnheiður Friðjónsdóttir, Skúli Kristjánsson Þorvaldz og Svanhvít Guðbjartsdóttir*



Í náttúrufræði í 6. bekk.

## 8. Skýrsla um sérkennslu skólaárið 2004-2005

Í skýrslunni koma fram upplýsingar um fyrirkomulag sérkennslu. Hverjir kenna og hvernig kennslan er skipulögð. Einnig er skýrt frá niðurstöðum mats á sérkennslu.

Eftirfarandi kennarar kenndu í sérkennslu í vetur: Arnheiður Borg, Guðbjörg Hjörleifsdóttir, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Guðríður Margrét Thorarensen, Kristín Þorleifsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir.

Einnig kenndu eftirfarandi kennarar eina til þrjár stundir á viku. Bryndís Þórarinsdóttir og Elín Birna Guðmundsdóttir.

Nemendur í sérkennslu eru breiður hópur og tekur kennslan mið af mismunandi þörfum þeirra:

- Kennsla samkvæmt einstaklingsnámskrá, m.a. nem. í sérkennsludeild. Hér er t.d. um að ræða nemendur með greindarskerðingu eða almennan seinþroska, nemendur með les hömlun/ dyslexiu og nemendur með mikla einbeitingar- og /eða tilfinningalega erfiðleika, t.d. ofvirka nemendur.
- Stuðningsmiðuð kennsla, þar er um að ræða nemendur sem fylgja kennslu og námsefni bekkjar en vinna hægt og þarfnast aðstoðar um lengri eða skemmri tíma. Námskeið t.d. lestrar-, stafsetningar- og stærðfræðinámskeið.
- Kennt er í slökustu hópunum í færni miðuðu stærðfræðinámi.



- Kennsla í Skjóli.
- Nýbúakennsla.
- Lestrarnámsskeið fyrir nemendur í 3. - 6. bekk.

Fyrirkomulag sérkennslunnar er mismunandi og er reynt að taka mið af aðstæðum hverju sinni.

Nokkur dæmi um kennsluáætlaður:

- Sérkennari aðstoðar nemendur inni í bekkjardeild.
- Sérkennari kennir hópi nemenda (hámark 13 nem.) úr nokkrum bekkjum í sérkennslustofu.
- Sérkennari aðstoðar fámennan hóp nemenda úr einni bekkjardeild inni í sérkennslustofu.
- Einstaklingskennsla í sérkennslustofu.
- Kennsla í „sérdeild“.
- Kennsla í Skjóli.

Hér er um misjafnan tímafjölda að ræða fyrir nemendur. Sumir nemendur fengu sérkennslu daglega, aðrir fengu sérkennslu 2svar-3svar í viku og enn aðrir voru á einu námskeiði eða fengu sérkennslu um stuttan tíma.

Sigurlaug Jónsdóttir talmeinafræðingur og sérkennari vann að rannsóknarverkefni sínu um þróun læsis.

Helstu þættir sem deildarstjóri sérkennslu stýrir.

- Umsjón með skipulagi sérkennslunnar.
- Skimanir og athuganir.
- Einstaklingspróf og hóppróf (hjálpertæki til skimunar eru m.a. samræmd próf í 4. bekk Læsi í 1. og 2. bekk, Tove Krogh prófið í 1. bekk, LH prófið í 8, 9 ára og 10 ára bekk ef með þarf og Aston Index í 2.-6. bekk).
- Aðstoð og ráðgjöf við bekkjarkennara.  
Fylgst með gengi nemenda í þeim árgöngum sem hver sérkennari þjónar.
- Aðstoð við stuðningsfulltrúa.
- Umsjón og stuðningur við starf stuðnings- og meðferðarfulltrúa. Ráðgjöf og aðstoð við öflun gagna.
- Fundir voru með bekkjarkennurum, foreldrum, sérfræðingum o.fl. Aðrir skólar heimsóttir og sérdeildir eftir þörfum. Deildarstjóri sérkennslu sat alla skilafundi, nemendaverndarráðsfundi og fræðslufundi.
- Tölvuskráning allra upplýsinga um nemendur með sérkennsluþarfir í "Sérkennsluþjóninn", varðveisla á niðurstöðum sérfræðinga og öðrum skjölum.
- Umsjón með nýbúakennslu, gagnaöflun, fundir og annar stuðningur.

*Guðbjörg Ragnarsdóttir, deildarstjóri sérkennslu*

## 9. Skýrslur list- og verkgreinakennara

List- og verkgreinar: Heimilisfræði, myndmennt, smíði og textíl voru kenndar í lotum, fjórar tímar á viku.

### Heimilisfræði

Kennarar *Ólöf S. Sigurðardóttir 1.-3.bekkur og Purríður Anna Jónsdóttir 4.-6.bekkur*

#### 1. og 2. bekkur

Í fyrsta og öðrum bekk var heilum bekk kennt í einu og var umsjónarkennari bekkjarins heimilisfræðikennara til aðstoðar. Var þetta gert til að nemendurnir fengju fleiri tíma. Nemendur í 1. bekk fengu 6 skipti og nemendur í 2. bekk fengu 8 skipti. Aðaláhersla var lögð á verklega kennslu í umgengni og matreiðslu. Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla við markmiðssetningu og matið byggt á henni. Nemendur fengu ferilmöppu með verkefnum vetrarins og mati í lok kennslunnar.

#### 3. bekkur

Hverjum bekk var kynjaskipt og kom hálfur bekkur í einu. Hver hópur kom í 12 skipti yfir veturinn. Nemendur unnu verkleg verkefni í umgengni og matreiðslu. Útbúnir voru léttir réttir og bakað var í nokkur skipti. Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla við markmiðssetningu og matið byggt á henni. Mat var afhent við lok kennslunnar.

#### 4. bekkur

Hver hópur samanstóð af nemendum úr 2 bekkjum, 9-10 nemendur voru í hverjum hópi. Nemendur komu í 14 skipti yfir veturinn. Í heimilisfræði fór fram verkleg og bókleg kennsla en aðaláhersla var lögð á verklega kennslu. Léttir réttir voru útbúnir, bæði morgun- og hádegisverðir og einnig voru nokkrir baksturstímar.

#### 5. bekkur

Hóparnir voru kynjaskiptir, 9-12 nemendur í hverjum hópi. Nemendur komu í 13 skipti yfir veturinn. Í heimilisfræði fór fram verkleg og bókleg kennsla en aðaláhersla var lögð á verklega kennslu. Fjölbreyttir kvöldverðir voru útbúnir ásamt ginnilegum kökum og brauði. Áhersla var lögð á að nemendur næðu tökum á bakstursaðferðinni hnoðun.

#### 6. bekkur

Hálfur bekkur í einu, 12-13 nemendur í hverjum hópi. Nemendur komu í 9 skipti yfir veturinn. Í heimilisfræði fór fram verkleg og bókleg kennsla en aðaláhersla var lögð á verklega kennslu. Ljúffengar kökur og ilmandi brauð voru búin til

ásamt kvöldréttum. Áhersla var lögð á að nemendur næðu tökum á að fletja út deig og vinna með þeytt deig.

Skólaárið gekk mjög vel, nemendur voru áhugasamir og unnu vel. Af áhuganum að dæma voru verkefni við hæfi en að sjálfsögðu voru þau misjafnlega spennandi.

Námsmat: Einkunn var gefin í tölustöfum og tekið var mið af vinnusemi, vinnubrögðum, sjálfstæði og samvinnu.

## Hönnun og smíði

Kennari *Bryndís Þórarinsdóttir*

### 4. bekkur

Verkefni voru tvö. Dýr sem sprellikarlar og valið var á milli: kolkrabba, elgs, mörgæsar og fíls. Síðan var unninn hlutur sem snérist í bandi t.d. höfrungur, selur og páfagaukur. Allir náðu að klára þessi verkefni þrátt fyrir verkfall, síðan gátu nemendurnir valið aukaverkefni. Margir hönnuðu sinn hlut og var það mjög gott.

### 5. bekkur

Eitt skylduverkefni. Hús með ljósi, það var stórt verkefni sem nemendur rétt kláruðu. Þetta verkefni reyndi mjög á nákvæmni í sögun. Nokkrir nemendur fengu að velja annað t.d. pokageymslu sem var eins og bréfpoki. Þetta verkefni er byggt upp á sömu aðferðum og húsið. Einnig voru nokkrir nemendur sem hönnuðu sína hluti og kom það vel út.

### 6. bekkur

Verkefnið var bátur með vél. Sólarorkuverkefni sem nemendur hönnuðu sjálfir. Einnig unnu nemendur hillur fyrir smádót. Flestir náðu að ljúka þessum tveimur verkefnum.

Námsmat: Einkunn í tölustöfum og umsögn.



## Myndmennt

Kennarar *Kristín Guðbrandsdóttir og Hrafnhildur Gunnlaugsdóttir*

### 1. bekkur

Árgangurinn fékk eina kennslustund aðra hverja viku í allan vetur. Myndmenntakennari kom inn í tíma og naut aðstoðar bekkjakennara við kennsluna. Tíminn skertist þó nokkuð vegna verkfalls og allra fimmtudagsfrianna sem voru á vorönn. Í vetur unnu nemendur bókamerki, möppu, gerðu sjálfsmynd, unnu

vatnslitamynd þar sem tússað var í öll samskeyti, klipptu út karla sem leiðast, lærðu um grunnformin og leiruðu slöngu. Námsmat var í formi umsagnar.

## 2. bekkur

Skipt var niður milli þriggja bekkja þeim 2 tímum vikulega sem úthlutað var. Skertist tíminn aðeins vegna verkfalls en urðu 9-10 í lotu. Áætlun stóðst og verkefni voru:

Grímuklipp: vatnslitun, klipp og mynstur. Andlitshlutföll: sessunautur. Mappa. Spiegilmynstur: klessulitur og blek. Liðamót/hreyfing. Kjarval: sýndar skyggjur. Pappírsmosaik. Uppstilling teiknuð, lituð, stækkuð og loks máluð. Furðuverur: Hópverkefni.

Umsagnir gefnar eftir hverja lotu.

## 3. bekkur

Nemendur voru 2 kennslustundir aðra hvora viku í myndmennt. Tveir bekkir voru kynjaskiptir en þeim þriðja skipt jafnt vegna þess að drengir voru fleiri en stúlkur. Dagatal sem til stóð að vinna og gefa í jólagjöf var að hluta unnið hjá bekkjarkennara vegna kennaraverkfalls. Fjórar myndir voru þó unnar í myndmennt og þá var klippt, stenslaþrykkt, unnið með frumliti og frumform. Kennaranemar komu eftir jólin og unnu með svipbrigði og speglun. Eftir það var unnið m.a. að límptrykki, málverki, teiknikennslu og fræðst um Sölva Helgason. Leirkrús mótuðu nokkrir nemendur. Umsögn gefin í janúar og aftur að vori.

## 4. bekkur

Unnið í lotum sem urðu 13-15 skipti á hóp. Ákveðið var að blanda saman hópum úr tveimur bekkjum. Kennslubækur voru notaðar eins og áætlun sagði og þó að verkfallið hafi tekið af tímunum kom það ekki að neinu ráði niður á því að geta framfylgt upphaflegri áætlun sbr. skólanámskrá. Þurfti þó að sleppa grátónamálverki. Viðhaft var jafningjamat í tveimur verkefnum en annars var símat.

## 5. bekkur

Unnið í lotum sem urðu 12-14 skipti á hóp. Hóparnir voru kynjaskiptir. Farið yfir úrval úr kennslubókinni Myndirnar tala, sem fyrirlestur í 4 kennslustundum. Úr henni var könnun sbr. skólanámskrá. Annað í áætlun stóðst einnig nema unnið var í dúkristu í stað þess að vinna með Ikona. Þó gat einn stúlknaþópur unnið með hvorutveggja. Viðhaft var símat, þar sem fyllt var í verkefnabók, Stundvísi.

## 6. bekkur

Unnið í lotum sem urðu aðeins 8-10 skipti á hóp. Vegna verkfalls varð nokkur breyting á áætlun en fellt var niður að vinna með hlutföll líkama og prófils sem og dúkristu (en þau verkefni verða tekin upp í 7. bekk). Í þess stað var Van Gogh kynntur og þrívíddarteikning kennd, annað hélst óbreytt sbr. skólanámskrá. Viðhaft var símat, þar sem fyllt var í verkefnabók Stundvísi.

Námsmat í 4. - 6. bekk. Jafnframt einkunnum í tölum voru skrifaðar umsagnir eftir lotuna. Nemendamat í síðasta tímanum.

## Textíl

Kennarar *Kristín Guðbrandsd., Margrét Hjaltad. og Guðrún Friðriksd.*

### 1. bekkur

Árgangurinn fékk eina kennslustund á viku í allan vetur. Textílkennari kom inn í tíma og naut aðstoðar bekkjakennara við kennsluna. Unnin voru fjölbreytt verkefni: klippiverkefni, marmorering, pappírsgerð, fingraprjón, vefnaður, útsaumur, saumaðar uglur og klemmukarlar sagaðir út.

### 2. bekkur

Bekknun skipt í tvo hópa, drengir í öðrum og stúlkur í hinum. Hvor hópur kom aðra hverja viku, tvær kennslustundir í senn. Verkefni sem börnin unnu: Púði saumaður úr filtefni, unnið út frá hugmynd barnsins. Saumaður krosssaumur og notað sem skreyting á veski/púða.



### 3. bekkur

Bekknun skipt í tvennt og kom hvor helmingur aðra hverja viku, tvær kennslustundir í senn.

Verkefni sem nemendur unnu: Myndir á dagatal sem unnið var ásamt myndmenntakennara og bekkjarkennurum. Æfingaverkefni í saumavél, skreyttir búningar fyrir þjóðhátíð og saumaðir íprótta/handavinnupokar í saumavél.

### 4. bekkur

Í þessum árgangi var ákveðið að blanda saman úr tveimur bekkjum í hóp. Unnið var í lotum og fékk hver hópur 13-15 skipti. Lagður var grunnur að prjóni, garðaprjón, saumavélaverkefni unnin úr filti og saumaður krosssaumur. Afkastamiklir nemendur unnu einnig verkefni að eigin vali. Flestir prjónuðu húfu eða dýr.

### 5. bekkur

Hópunum var skipt eftir kyni. Unnið var í lotum og fengu hóparnir 12-14 skipti. Prjónið rifjað upp og flestir lærðu einnig brúðgna lykkju. Saumaðar voru svuntur. Afkastamiklir nemendur unnu einnig verkefni að eigin vali s.s. bakpoka, flíshúfur, flísvettlinga, ýmis prjónaverkefni, þæfingu, hálsmen og armbönd.

### 6. bekkur

Unnið var í lotum og fengu hóparnir 8-10 skipti. Aðeins fyrsti hópurinn gat saumað náttbuxur. Hinir hóparnir þæfðu mynd.

Námsmat í 1. - 3. bekk. Umsagnir.

Námsmat í 4. - 6. bekk. Verkefni metin til einkunnar, einnig virkni og ástundun og gefin umsögn.

## Leirmótun

### 6. bekkur

Leirmótun er nýjung sem boðið var uppá fyrir þennan árgang. Unnið var í lotum og fékk hver hópur 8-10 skipti, tvær kennslustundir í senn. Námsgreinin þróaðist og tók breytingum með hverjum hóp. Það unnu ekki allir nákvæmlega sömu verkefni en allir hóparnir lærðu sömu aðferðirnar. Þær voru: fingrapottar, plötuaðferð og að móta eftir fyrirmynd í þrívídd.

## Sund

Kennarar *Elín Birna Guðmundsdóttir, Hannes Ingi Geirsson og Zoran Johannes Despotovic*

Markmið sundkennslu er að auka færni nemenda í sundi. Tímafjöldi í sundi er ein stund á viku hjá 4., 5. og 6. bekk og er það samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.

Hjá 1., 2. og 3. bekk var kennslan aftur á móti í námskeiðsformi og fengu hóparnir 13 skipti hver, fjórar klukkustundir á viku eða sem samsvarar 19.5 kennslustundum. Það fyrirkomulag að hafa nemendur á námskeiðum teljum við mjög gott því nemendur ná mikilli færni á stuttum tíma. Kennslan í heild sinni gekk vel og árangur allra bekkjadeilda ágætur. Sundstigin sem nemendur taka í lokin eru eftirfarandi:

### 1. sundstig:

Öndunaræfing 10 x. Ganga 2.5 m með andlit í kafi. Flot á bringu og baki. Skriðsundsfótatök 5 m. Bringusundsfótatök við bakka.

### 2. sundstig:

Rennsli frá bakka 2.5 m. Marglyttuflot. 8 m bringusundsfótatök. 10 m skriðsundsfótatök. 10 m baksundsfótatök. Hoppa af bakka.

### 3. sundstig

8 m bringusund. 6 m skólabaksundsfótatök. 12 m skriðsund m/sundfit. 12 m baksund m/sundfit. Köfun eftir hlut.

### 4. sundstig

25 m bringusund. 12 m skólabaksund. 12 m skriðsund. 12 m baksund m/sundfit. Stunga úr kropstöðu af bakka.

### 5. sundstig

75 m bringusund. 25 m skólabaksund. 25 m skriðsund m/án sundfita. 12 m baksund. Stunga af bakka.

## 6. sundstig

200 m bringusund viðstöðulaust. 50 m skólabaksund. 25 m skriðsund. 25 m baksund. 15 m björgunarsund. Stunga af bakka.

## Tónmennt

Kennarar *Áslaug Ólafsdóttir og Hjördís Ástráðsdóttir*

Fyrir utan hefðbundna tónlistarkennslu, söng, hljóðfæraleik og hreyfingu, hefur kennslan í Flataskóla færst í þá átt að nemendur vinna fyrirfram ákveðin verkefni sem þeir flytja síðan á sal við ýmis tækifæri. Mikil rækt er lögð við fallegan flutning, fágaða framkomu og að allir leggi sig fram um virka þátttöku.

### 1. bekkur

Mikil áhersla lögð á söng og hreyfingu. Í hverjum tónmenntatíma er tónmenntakennari ásamt umsjónarkennara og með því móti er lagður grunnur að jákvæðu og virku tónlistaruppeldi skólans. Uppskeruhátíð er í lok skólaársins. Uppskeruhátíðin hefur mikið uppeldislegt og samfélagslegt gildi og skilar ómældum árangri inn í tónlistaruppeldið og uppfræðslu í foreldrasamfélagið.

### 2. bekkur

Áframhaldandi rækt lögð við söng, hreyfingu og hljóðfæranotkun. Uppskeruhátíð á sal í skólalok.

### 3. bekkur

Eyjaverkefni, samvinnuverkefni umsjónarkennara og tónmenntakennara, sem lýkur með hátíð á sal. Kórtónleikar í skólalok þar sem einn þriðji bekkur og einn fjórði bekkur syngja saman á tónleikum, alls fernir tónleikar. Skilar miklum árangri bæði tónlistar- og uppeldislega að hafa vana nemendur sem leiða og svo byrjendur í sama hópi.

### 4. bekkur

Söngleikir frumfluttir á jólaskemmtun skólans: Nýju fötin keisarans og Tuska, tuska Öskubuska sem einnig voru teknir upp fyrir sjónvarp og sýndir í Stundinni okkar. Kórtónleikar með 3. bekk í skólalok.

### 5. bekkur

Tónsmiðja einu sinni í viku til viðbótar hefðbundnum tónmenntatíma með heilum bekk og tveimur kennurum er nýjung. Afrakstur tónsmiðjunnar var fluttur á jólaskemmtun Flataskóla, í Flataskólamessu (Helgileikur Flataskóla), á góðgerðartónleikum Flataskóla (Tilbrigði við Gilitrutt, góðir gestir) og á Fjölpjóðahátíð Flataskóla á vordögum (fjölpjóðaverkefni). Öll verkin sem sett voru upp í vetur voru færð upp í búningum. Í Fjölpjóðaverkefninu var sungið á framandi tungum, bumbur slegnar, dansar stignir og menningarsamfélög kynnt

með glæsilegum glærusýningum. Mjög vel tóks til og vonum við að þetta þróunarverkefni sé komið til að vera.

#### 6. bekkur

Unnið að Jazzi, stompi og norðurlandaverkefni með söngvum og hljóðfæraleik í vönduðum útsetningum. Nemendur komu fram á atburðum eins og Tónlist fyrir alla og námskeiði sem haldið var innan skólans. Norðurlandahátíðin var stærsta verkefni vetrarins með þverfaglegri vinnu sem lauk með opinni sýningu á sal. Tónsmiðja var starfrækt sem val í fyrsta sinn og var fastur nemendakjarni sem sótti þá tíma. Slíkt val þarf þó að vera á skólatíma þar sem nemendur eru uppteknir við frístundastörf eftir að skóla lýkur. Einnig þurfa kennarar sem taka slíka vinnu að sér að vera hæfir í dægurlagatónlist og klárir í útsetningum fyrir hin ýmsu hljóðfæri. Þetta var mjög mikil vinna sem því miður lenti nær alfarið á hollvini skólans úti í bæ. Einnig færðust æfingar þegar nær dró vori og sýningu inn á matartíma tónmenntakennara og heldur enginn slíkt út til lengdar. Útkoman var engu að síður glæsileg.

Í námsmati er gengið út frá virkni, þátttöku og samvinnu, gefið fyrir í bókstöfum frá og með 4. bekk.

Hvað námsmat varðar þá er það einlæg skoðun okkar sem að tónlistinni störfum að ferilskrá ásamt umsögn sé það form sem æskilegt er til fyrirgjafar í tónlist. Þegar búið er að opna verkefnaskil á sal (tónleikar, hátíðir, uppskerur) þá er öllum kynnt það starf sem unnið er í tónmenntakennslu í Flataskóla. Okkur finnst tilhlýðilegt að leyfa foreldrum, ástvinum, nemendum og starfsfólki skólans að njóta uppskerunnar með okkur og sá jafnframt í þann akur sem á eftir að spretta jafnt innan skólans sem utan. Við teljum að opin skil á sal sé það form sem haldi lífi í tónmenntinni sem fagi þar sem fagleg innistæða er fyrir því sem hlustendum er boðið upp á.

Einnig viljum við eindregið hvetja til þess að tæknimaður taki upp á geisladisk tónleika og uppskeruhátíðir skólans sem foreldrar geta síðan pantað og hlýtt á söng og flutning barna sinna um ókomna tíð. Slíkur diskur er mikil heimild um starf skólans og eggjar okkur áfram til frekari landvinninga.

Jafnframt sem heimild og námsefni til áhorfs og sjálfsmats þá væri gott að taka sýningar upp á myndband.



Á grímuballi



## 10. Skýrslur fag- og stýrihópakennara

### *Skýrsla ritstjórnar skólanámskrár*

Í ritstjórn skólanámskrár voru Halla I. Svavarsdóttir, Svanhvít Guðbjartsdóttir, Puríður Anna Jónsdóttir og M. Elín Guðmundsdóttir aðstoðarskólalastjóri.

Yfirleitt var fundað á laugardögum þrjá til fjóra tíma í senn á þriggja vikna fresti eftir áramót. Ástæðan fyrir því var að okkur fannst tíminn nýtast þannig betur til vinnu.

Á fyrsta fundi eftir áramót var farið yfir stöðu mála og fundur með foreldraráði undirbúinn. Skólanámskrá var gefin út í september og send foreldrafulltrúum til yfirlestrar.

Foreldraráð notaði gátlista sem unninn hafði verið af starfsfólki Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur í samvinnu við Ingvar Sigurgeirsson prófessor við KHÍ. Við gerð gátlistans var tekið mið af ákvæðum aðalnámskrár um skólanámskrá.

Ritstjórn skólanámskrár fundaði með foreldraráði og fór yfir athugasemdir þeirra og tillögur að breytingum. Í kjölfarið var farið í að leiðrétta og laga það sem mögulegt var. Ákveðið var að geyma almenna hluta skólanámskrárinnar og einbeita sér að II. hluta hennar, þ.e. kennsluáætlunum. Byrjað var á að yfirfara kennsluáætlanir í íslensku.

Lokið var við handbók fyrir starfsfólk skólans og verður henni dreift haustið 2005.

Á næsta skólaári verður haldið áfram að vinna kennsluáætlanir og ýmsar upplýsingar skólanámskrárinnar uppfærðar. Auk þess verður útbúið upplýsingarit fyrir nýja nemendur og foreldra þeirra.

### *Skýrsla um skipulag færnináms í stærðfræði í 3.-6. bekk*

Færnimiðað nám í stærðfræði er orðinn fastur liður í skólastarfi Flataskóla. Við höfum frábæra aðstöðu fyrir stóra og litla hópa og kennara sem hefur yfirumsjón með kennslunni.

Í byrjun þessa skólaárs var tekin sú ákvörðun að svipaðar áherslur yrðu í öllum árgöngum.

Skipulag færnimiðaðs náms var sem hér segir: Þrjár kennslustundir á viku og hverjum bekk var skipt í þrjá til fjóra hópa. Eftirfarandi viðmið voru höfð að leiðarljósi við skiptinguna.

**Rauður hópur:** Nemendur sem höfðu lágmarkseinkunina 9,0 - 9,5 og voru vinnusamir, metnaðarfullir og sjálfstæðir í vinnubrögðum. Í þessum hópi voru nemendur úr öllum bekkjardeildum.

Námsefni: Allt námsefnið í Einingu (3. og 4. bekkur) og Geisla (5. og 6. bekkur). Vinna aukabækur, verkefni af skólavefnum, kynast flóknari reiknisáðgerum og þemaverkefni.

**Grænn hópur:** Nemendur með einkunnina 6,0 - 8,5 og þeir sem fylgja námsefninu vel eftir en þurfa meiri aðstoð. Þessi hópur fer ekki djúpt í námsefnið.

Námsefni: Allt námsefni í Einingu (3. og 4. bekkur) og Geisla (5. og 6. bekkur). Aukabækur eru í boði fyrir þá sem sýna áhuga.

**Blár hópur:** Nemendur með lægri einkunn en 6,0 og þurfa á miklum stuðningi að halda. Í þessum hópi eru nemendur úr öllum bekkjardeildum og fóru þeir til sérkennara.

Námsefni: Valdir kaflar úr Einingu (3. og 4. bekkur), valdir kaflar úr Geisla (5. og 6. bekkur), sérunnið námsefni við hæfi og áhersla á grunnþætti í reikniaðgerðum.

*Bryndís A. Ráil*



Litlir gleðigjafar

## ***Skýrsla sjálfsmatsnefndar***

Vinna sjálfsmatsnefndar byggir á áætlun sem nær til vorsins 2006.

Nokkrar breytingar voru gerðar í meðförum nefndarinnar og haft að leiðarljósi að kannanir og niðurstöður nýttust skólastarfinu sem best.

Vegna verkfalls var ekki gerð könnun á því hvernig nemendur koma til og frá skóla í september. Í desember og mars voru gerðar kannanir á viðhorfum nemenda, kennara og stuðningsfulltrúa á verkefnavali og skipulagi þemadaga.

Í janúar var lögð fyrir alla nemendur skólans líðan og tengslakönnun. Einnig var lögð fyrir nemendur sértæk könnun um líðan í sérgreinum. Niðurstöður voru kennurum handbærar í foreldraviðtölum í febrúar.

Í febrúar tóku forráðamenn þátt í viðhorfskönnun um heimavinnu barns síns og álaginu sem heimavinnunni fylgir. Jafnframt var lögð fyrir foreldra 1., 3. og 5. bekkja foreldrakönnun úr Kanna þar sem leitað er álits foreldra á skólstarfinu.

Í febrúar var viðhorfakönnun lögð fyrir starfsmenn Flataskóla. Niðurstöður voru kynntar af deildarstjórum skólans og var Einar Gylfi Jónsson sálfræðingur fenginn í framhaldi af þeirri kynningu til samstarfs um samskipti, liðsheild og líðan á vinnustað.

Starfsmannakönnunin úr kanna sem unnin var í Flataskóla vorið 2003 verður endurtekin vorið 2006.

Næsta skólaár er lagt til að sömu kannanir verði unnar til þess að fá skilvirkan samanburð á milli ára. Jafnframt munu kannanir á ákveðnum þáttum í skólstarfinu fara eftir áherslum, aðstæðum og þróunarverkefnum hverju sinni.

Til nánari glöggvunar vísast til áætlunar um sjálfsmat Flataskóla til vorsins 2007.

Á skólaárinu hafa allar niðurstöður verið kynntar og unnið með þær ásamt umbótaáætlunum og vísast í því sambandi til niðurstöðu skýrslu hvernar könnunar fyrir sig.

*Auður Skúladóttir, Hjördís Ástráðsdóttir, Jóna Oddsdóttir  
M. Elín Guðmundsdóttir og Sigurveig Sæmundsdóttir*

## **Skýrsla áfallateymis**

Í áfallateymi Flataskóla voru Jóna Oddsdóttir, M. Elín Guðmundsdóttir, Olga Guðrún Snorrasóttir, Ólöf Stefánsdóttir og Sigurveig Sæmundsdóttir.

Teymið hittist í ágúst vegna fráfalls foreldris tveggja nemenda. Foreldrar barna í bekkjum þessara nemenda voru boðaðir á fund ásamt kennurum og sr. Friðriki J. Hjartar. Foreldrum og kennurum barnanna voru veittar upplýsingar og ráðgjöf. Málinu var fylgt eftir með aðstoð Trausta Valssonar, sálfræðings og Ólafar hjúkrunarfræðings. Einnig veitti Olga starfsmönnum aðstoð.

Í janúar lést foreldri tveggja nemenda. Olga fór inni viðkomandi bekk og bjó nemendur undir komu barnanna er misstu foreldrið. Hringt var í alla foreldra bekkjarsystkinanna og í kjölfarið var sent bréf með ráðgjöf. Olga fylgdi málinu eftir ásamt Ólöfu Stefánsdóttur, hjúkrunarfræðingi. Starfsfólki var einnig veitt aðstoð og upplýsingar.

Áframhaldandi uppbygging varðandi upplýsingar og efni er í áfallakassa.

*Jóna Oddsdóttir, M. Elín Guðmundsdóttir, Olga Guðrún Snorradóttir,  
Ólöf Stefánsdóttir og Sigurveig Sæmundsdóttir*

## Skýrsla starfshóps um 7. bekk

Eftir áramótin var byrjað að undirbúa kennslu og skipulag 7. bekkjar sem verður í Flataskóla á næsta skólaári. Það var stofnaður starfshópur sem saman stóð af ýmsum við skólann. Það var breiður hópur sem undirbjó skipulag 7. bekkja en það voru þau Bryndís Rail stærðfræðikennari, Hrafnhildur Gunnlaugsdóttir myndmenntarkennari, Ingibjörg Baldursdóttir bókasafnsfræðingur, Steinunn Hall kennsluráðgjafi í tölvum, Skúli Kristjánsson Þorvaldz kennari í 6. bekk, Svanhvit Guðbjartsdóttir kennari í 6. bekk, Elín Ása Þorsteinsdóttir kennari í 3. bekk og Vilhjálmur Kári Haraldsson deildarstjóri eldra stigs sem stýrði hópunum.

Í byrjun skoðaði hópurinn námskrá 7. bekkjar og skólanámskrár ýmissa skóla. Í framhaldi af umræðum var ákveðið að leggja áherslu á sveigjanlegt skólastarf m.a. fjölbreyttar kennsluaðferðir með áherslu á hópavinnu, teymisvinnu kennara, samþætta námsgreinar og námsefni, hringekju og kjarnatíma.

Ákveðið var að brúa bilið á milli Flataskóla og Garðaskóla hvað varðar kennslu því í Flataskóla kennir umsjónarkennari meirihluta greinanna en í Garðaskóla er hrein fagkennsla þar sem nemendur ferðast á milli kennara. Til að ákveða skipulagið var viðmiðunarstundarskrá skoðuð gaumgæfilega.

Nokkrir góðir gestir heimsóttu hópinn og gáfu góð ráð. Meðal annars Svanhildur Kr. Sverrisdóttir kennari úr Garðaskóla sem ræddi um íslenskukennslu, Helga María Ólafsdóttir deildarstjóri 7. bekkjar í Garðaskóla sem fór yfir skipulag 7. bekkjar í Garðaskóla. Einnig Helgi Grímsson skólastjóri Sjálandsskóla sem þekkir náttúrufræðikennsluna vel og Gunnar Richardsson forstöðumaður Garðalundar sem hefur mikila þekkingu á félagslífi nemenda.

Þann 18. maí var haldinn kynningarfundur þar sem skipulag kennslunnar var kynnt foreldrum og þeim gefinn kostur á að koma sínum hugmyndum á framfæri. Nokkrum dögum áður fengu nemendur tækifæri til að ræða saman í hópum og koma með sínar ábendingar til skólastjórnenda. Hugmyndir nemenda voru svo kynntar foreldrum enda margar mjög góðar. Það má því segja að lýðræðislega hafi verið staðið að skipulagi 7. bekkjar enda margir komið að því, kennarar, sérfræðingar, foreldrar og nemendur.

Skipulag kennslu verður þannig að umsjónarkennari sér um kennslu í íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og lífsleikni. Í þessum greinum er námið byggt

upp í lotum þar sem tiltekinn þáttur er tekinn fyrir í öllum tímum á 3ja vikna tímabili. Einnig er mikil áhersla á hópvinnu og samþættingu námsgreina. Þetta kallar á mjög náið samstarf kennaranna í árganginum. Faggreinakennsla í stærðfræði, ensku og dönsku. Áfram verður boðið upp á færnimiðað nám í ensku og stærðfræði. List- og verkgreinakennsla verður með svipuðum hætti og undanfarin ár en einnig verður boðið upp á val til viðbótar í list- og verkgreinum. Námsmat skal vera mjög fjölbreytt. Mörg og mismunandi verkefni lögð til grundvallar. Nemendur metnir jafnt og þétt og matið látið fylgja hverri lotu.

Aðstaða 7. bekkjar verður í austurálmum þar sem eru 4 bekkjarstofur. Bekkirnir eru 3 svo auðvelt er að nýta fjórðu stofuna í verkefnavinnu þar sem bekkjum yrði skipt í hópa og jafnvel blandað innan árgangs. Vegna staðsetningar 7. bekkjar er hægt að nýta gamla salinn að einhverju leyti fyrir 7. bekk. Þar gæti verið aðstaða til að vera inni í frímínútum og einnig til að sinna félagsmálum.

Sérkennsla og stuðningur nýtist betur í bekkjum fremur en að nemendur fari í sérkennslustofur. Sú nýbreytni að ráða námsráðgjafa mun nýtast 7. bekk sérstaklega vel.

Félagslíf færi rólega af stað og yrðu sameiginlegar stórar upptökur með Hofsstáðaskóla. Áfram verður haldið á þeirri braut að tengja foreldra við skólann með bekkjarskemmtunum og jafnvel gerðar tilraunir með félagsstarf hálfsmánaðarlega og/eða klúbbastarf.

Bryndís Rail, Elín Ása Þorsteinsdóttir, Hrafnhildur Gunnlaugsdóttir,  
Ingibjörg Baldursdóttir, Skúli Kristjánsson Þorvaldz, Steinunn Hall,  
Svanhvít Guðbjartsdóttir og Vilhjálmur Kári Haraldsson

### **Skýrsla vinnuhóps vegna breytinga í 3. bekk**

Á vordögum hóf vinnu starfshópur vegna fyrirhugaðra breytinga í 3. bekk. Í hópnum voru skólastjóri, deildarstjóri yngra stigs og tveir umsjónarkennarar úr árganginum. Hópurinn byrjaði á því að heimsækja Breiðagerðisskóla en hann er móðurskóli í byrjendakennslu. Fékk hópurinn margar góðar hugmyndir þar og úr þeim var síðan unnið. Mikið var lesið um einstaklingsmiðað nám og sveigjanlegt skólastarf. Hópurinn lagði síðan drög að breytttri stundatöflu og skipulagningu námsins. Markmiðið með breytingunum er að innleiða einstaklingsmiðað nám og sveigjanlegri kennsluhætti. Frekar verður unnið að þessum breytingum á næsta skólaári.

Helga Melsted, Margrét Haraldsdóttir og  
Ólöf S. Sigurðardóttir

## Skýrsla teymis um undirbúning þemadaga

Vegna verkfalls kennara var lítil tími til undirbúnings þemanu fyrir jólin af hálfu teymisins sem skipað var Bryndísi Rail, Höllu Rósinkranz Guðmundsdóttur og Hrafnhildi Gunnlaugsdóttur.

Ákveðið var að unnið yrði að varanlegum jólaskreytingum fyrir skólann. Dagana 7.-9. desember var unnið að þessum verkefnum fyrir hádegi en venjulegt skólastarf tók við eftir það. Þetta verkefni tókst mjög vel og eigum við nú mikið af fallegu skrauti til næstu ára.

Seinna þemað var unnið fyrri hluta dagana 12.-14.apríl. Það hét Villidýr á veiðum og var skipulagning þess með svipuðu sniði og Ólympíuleikarnir árið áður. Þar var öllum árgöngum skipt niður í hópa, sem nefndir voru eftir dýrum. Var þetta keppni milli hópanna og endaði með miklu balli á sal skólans þar sem nemendur fengu tækifæri til að dansa og skemmta sér.



Þemadagar í Flataskóla

## 11. Ýmsar skýrslur

### *Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu - og upplýsingatækni*

Kennsluráðgjafar grunnskóla Garðabæjar ásamt Helga Grímssyni, skólastjóra Sjálandsskóla áttu reglulega fundi á skólaárinu. Áhersla var lögð á að skoða vefumsjónarkerfi sem gætu komið til móts við þarfir skólanna. Þessi vinna mun halda áfram á komandi skólaári.

Í upphafi skólaárs flutti nemendaskrárhlutinn í Stundvísi yfir í nýtt kerfi á mentor.is. Samfara þessum kerfisbreytingum sem gengu ekki eins og vonir stóðu til, fylgdi mikil þróunarvinna og þurfti að fylgja öllum færslum eftir sem tók drjúgan tíma af starfi kennsluráðgjafa.

### Starf kennsluráðgjafa

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með uppbyggingu og þróun í tölvu- og upplýsingatækni innan skólans. Hann vinnur með öllum nemendum, starfsfólki og foreldrum. Hann á í samstarfi við tölvuumsjónarmann og kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni innan bæjarins. Upplýsingamiðlun er stór hluti af starfi kennsluráðgjafa. Hann hefur umsjón með vef skólans, útbýr leiðbeiningar og kennsluefni til að auðvelda allt aðgengi að tölvukosti skólans.

### Nám og kennsla

Í samstarfi við Elísabetu Benónýsdóttur kennsluráðgjafa í Hofsstaðaskóla var farið yfir allar kennsluáætlanir og þær uppfærðar fyrir skólaárið 2004 - 2005.

Nemendur í 1. bekk fengu einn tíma á viku í tölvuveri. Nemendur í 2. - 6. bekk fóru í tölvuver einn tíma á viku (heill bekkur) allan veturinn auk þess fengu þeir einn tíma á viku  $\frac{1}{2}$  veturinn. Að auki var hægt að panta fartölvuvagninn og lausa tíma í tölvuveri. Nemendur í 5.- 6. bekk fengu eigið heimasvæði og netfang.

Kennsluráðgjafi mætti á árgangafundi þegar kennarar óskuðu þess. Þá var farið yfir kennsluna og skoðuð þau viðfangsefni sem framundan voru. Kennsluforrit sem og annar hugbúnaður var skoðaður eins og ástæða var til. Einnig var farið yfir skráningu á mentor.is, gerð vikuáætlana, kennt á myndavél, myndbandsupptökuvél, skanna og allt það sem kennarar óskuðu eftir.

Á næsta skólaári er áætlað að allir nemendur í 4. - 7. bekk verði með eigið heimasvæði. Aðkallandi er að fá læsingar á óæskilegt efni á Netinu fyrir nemendur.

### Stundvísi / mentor.is

Í upphafi skólaárs fluttist kennarahlutinn í Stundvísi á mentor.is. En mentor.is er gagnagrunnur með vefviðmóti sem alltaf er hægt að vinna í svo framarlega sem notandinn hafi netaðgang. Þessum breytingum fylgdu ótal ófyrirséð vandamál sem starfsfólk mentor.is greiddi úr eftir bestu getu. En til að tryggja að öll gögn væru að skila sér á rétta staði og að allir væru að sjá það sem þeir áttu að sjá þá fór drjúgur tími af starfi kennsluráðgjafa í vetur í þessa eftirfylgni. Foreldrar / forráðamenn fengu sendan veflykil sem veitir þeim aðgang að Fjölskylduvefnum. Kennarar skráðu á mentor.is alla ástundun nemenda, dagbókarfærslur, einkunnir og heimavinnuáætlanir. Á Fjölskylduvefnum geta forráðamenn séð ástundun og heimavinnuáætlun o.fl. Auk þess sendu þeir tölvupóst af mentor.is til foreldra/forráðamanna en um 94 % heimila í Flataskóla er með skráð netfang.


### Ritþjálfari - vélritun

Nemendur í 3. bekk ( $\frac{1}{2}$  bekkur) komu aðra hverja viku í ritþjálfaver. Nemendur í 4. - 6. bekk (heill bekkur) komu þrisvar í viku í fimm vikur á hvorri önn. Ritþjálfarnir eru allir tengdir við kennaratölvu en það auðveldaði kennurum til muna að fylgjast með ástundun nemenda. Nemendur skrá einnig frammistöðu sína í tímanum á þar til gert skráningarblað og taka próf í lok hvers áfanga. Að auki

hafa nemendur allt frá 2. bekk notað kennsluforritið Ritfinnur sem leiðbeinir og styður nemendur í vélritunarnáminu.

### Fartölvuvagn fyrir nemendur

Á súluritinu hér fyrir neðan má sjá fjölda þeirra kennslustunda þar sem fartölvuvagninn var í notkun á vorönn 2004 og 2005.



Auk þess að nota fartölvuvagninn þá gátu kennarar pantað á sameign skólans lausar stundir í tölvuverum fyrir sína hópa sem þeir notfærðu sér í auknu mæli. Kennsluráðgjafi mætti í eins margar kennslustundir og kennarar óskuðu eftir til að aðstoða þá við að tengja og kenna nemendum að umgangast tölvurnar. Kennarar hafa notað fartölvurnar á margvíslegan hátt í kennslustofunni s.s. láta nemendur vinna verkefni í íslensku, stærðfræði, ensku, náttúrufræði, samfélagsfræði, tónmennt o.fl.

### Ráðstefna, kynningarfundir o.fl.

Kennsluráðgjafi sótti eftirfarandi ráðstefnu og kynningar á skólaárinu.

- Kynningar hjá Mentor
- kynningu hjá Microsoft á Íslandi (E-learning)
- kynningu á hugbúnaði hjá Nýherja
- ráðstefnuna UT-2005 sem haldin var á Hótel Sögu
- kynning á „Minn Garðabær“ á bæjarskrifstofum Garðabæjar
- kynningu á veflausnum hjá Hugviti (Vefpór), Berti lausnir og Hugsmiðjunni (Eplica)
- kynning á vegum Gagarín á nýju vefþóli til námsefnisgerðar
- kynning hjá Gagarín vegna útlithönnunar á vef.

Kennsluráðgjafi hélt stuttar kynningar fyrir kennaranema og aðra gesti sem sóttu skólann heim. Var í starfshópi vegna væntanlegar komu 7. bekkjar í skólann.



Hann tók að sér tvo kennaranema í vettvangsnám af 5. misseri í KHÍ og tók á móti Torfa Hjartarsyni, lektor í upplýsinga- og samskiptatækni en hann kom í vegna vinnu við NámUST rannsóknina.

### Vefur skólans

Vefur skólans var í umsjón kennsluráðgjafa en auk hans hafa skólastjórnendur, deildarstjórar og kennarar verið duglegir að koma með efni bæði í máli og myndum fyrir vefinn. Heimsóknir á vefinn frá 10. maí 2001 til júní loka 2005 hafa verið um 184.000 eða um 60.000 á liðnu skólaári.

### Framtíðarsýn

Aðkallandi er að:

- komið verði upp einfaldari lausn í tengslum við vinnu á vef skólans. Nýtt notendavænt vefumsjónarkerfi mundi gefa möguleika á að dreifa meira skrifum á vef skólans auk þess að opna möguleika á innri vef
- gera stefnumörkun til að geta stuðst við í starfi en skýrslan sem gefin var út árið 2000 rann út í ársbyrjun 2003
- fá prentara fyrir kennara í hverja álmu skólans
- ný loftræsting í tölvuverum þjóni tilgangi sínum.

*Steinunn Hall, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni*



### Skýrsla tölvuumsjónarmanns

Skólastarf haustið 2004 hófst með því að skipt var út elstu fartölvum kennara. Þetta voru Dell latitude fartölvur sem leigðar höfðu verið til 4ra ára og verður að segjast að 4 ár voru of langur tími. Þessar fartölvur höfðu staðið sig ágætlega og þjónusta við þær af hálfu EJS var góð en þær voru bara orðnar of hægar. Þær tölvur sem komu í staðinn voru IBM ThinkPad T42. Þessar vélar eru mun öflugri og eru leigðar til 3ja ára sem vonandi á eftir að reynast fínn meðalvegur. Eftir fyrsta árið er almenn ánægja með þessar vélar meðal starfsmanna skólans og

hefur bilanatíðni þeirri verið mjög lítil. Ferlið við að undirbúa tölvurnar til afhendingar hófst vorið 2004 og heppnaðist það ágætlega, mikill tími fór í þennan undirbúning um vorið og fram á sumar. Einnig fór nokkur tími í að afhenda kennurum nýjar vélar og passa að gögn þeirra færu yfir á nýjar vélar.

Þegar verkfall kennara byrjaði hófst vinna við að búa til hentuga kennsluforritapakka. Í því felst að kennsluforrit eru hópuð saman eftir árgögnum sem þau eru kennd í og einnig eftir stærð síðan eru búnir til "msi pakkar" sem gerir það að verkum að forritin geta keyrst sjálfkrafa upp á tölvur sem verið er að setja upp. Þetta mun flýta og auðvelda uppsetningu á nýjum og gömlum tölvum og jafnframt auka sjálfvirkni tölvukerfis skólans. Þetta er tímafrekt starf og þrátt fyrir að verkfall stæði lengi þá tókst ekki að klára þetta á þeim tíma sem verkfall stóð. Einnig reyndist erfitt að finna tíma fyrir þessa vinnu eftir að kennarar komu til starfa aftur. Vinna við þetta var svo tekin upp á vordögum og þá í samstarfi við tölvuumsjónarmann Hofsstaðaskóla. Ætlunin er að ljúka þessari vinnu áður en sumarfrí hefst.

Í janúar fór tölvuumsjónarmaður í boði Nýherja til London á Bett sýninguna. Þar var að sjálfsögðu margt að sjá en það sem stóð uppúr voru kynningar á e-learning og share point portal frá Microsoft. Share point gefur möguleika á því að hafa gagnasöfn á einum miðlægum stað þannig að kennarar komist í gögnin sín hvar sem er í gegnum vafra, einnig mundi þá myndast verkefnabanki þannig að allir kennarar innan skólanna gætu nýtt sér verkefni hvers annars. E-learning er svo næsta skref, en það er notað til að halda utan um nemendur skólanna, þar er hægt að setja fyrir verkefni og eiga samskipti við nemendur (og þeir sína á milli) þegar þeir eru að vinna verkefni heima hjá sér. Undirbúningur við að setja þessi kerfi upp var aðeins farin af stað á vormánuðum þar sem tölvuumsjónarmenn skólanna hittust ásamt Alfreð Atlasyni, fjármálastjóra Garðabæjar.

Í mars var gerður samningur við Trend Micro um kaup á Trend vírusvörn. Þetta var þarft skref í vírusvarnarmálum þar sem skólarnir hafa í raun verið með ólöglega vírusvörn í nokkurn tíma. Þekking átti að hafa veg og vanda af dreifingu þessarar vírusvarnar en það hefur eitthvað dregist og er hún nú aðeins komin á valdar tölvur innan skólans. Með nýjum uppsetningum á tölvum í sumar verður þessi vírusvörn vonandi komin á allar tölvur skólans í haust þegar skólastarf hefst aftur.



Með vorinu var farið að undirbúa endurnýjun á búnaði innan skólans en skólinn er nú að verða nokkuð vel settur. Eins og áður sagði hefur farið fram fyrsta endurnýjun á leigusamningi vegna fartölva kennara og nú er komið að

fartölvuvagni nemenda. Flestar tölvur skólans eru nú leigðar og er það gott, það gerir það að verkum að tölvur verða ekki eldri en 3ja-4ra ára innan skólans. Nokkrar tölvur eru þó eign skólans og eru þær yngstu af þeim orðnar 5 ára en elstu allt að 7 ára. Vonir standa til að þessum tölvum verði skipt út núna í sumar.

Í maí náðust samningar við OgVodafone um ljósleiðaratengingar í skólana og er verið að leggja og tengja það. Þetta mun leiða af sér öflugri nettengingu og jafnframt möguleikann á að fara að keyra tölvukerfi skólanna miðlægt frá bæjarskrifstofum eða hýsingaraðila. Með miðlægu tölvukerfi má fá fram rekstrarhagræðingu og meira gagnaöryggi.

Í ár náðist að halda nokkra fundi með tölvuumsjónarmönnum skólanna og Alfreði sem er yfirmaður tölvumála bæjarskrifstofunnar. Þetta er nauðsynlegt vegna þess hve samtvinnuð þessi tölvukerfi eru. Reynt var að hafa fund fyrsta þriðjudag í mánuði, mikilvægt er að þetta haldi áfram til þess að ræða nýjungar í tölvukerfinu.

### **Í vetur fór tölvuumsjónarmaður á eftirfarandi ráðstefnur, sýningar og kynningar.**

Kynningu hjá Nýherja á SharePoint Portal.

Fundur/kynning með samstarf í huga hjá Microsoft á Íslandi vegna SharePoint og e-learning.

Öryggisráðstefnu EJS.

Bett í London.

Kynning á WUS og ISA serverum hjá Microsoft á Íslandi.

### **Tölulegar staðreyndir um tölvukerfi skólans:**

Tölvuver skólans eru 2. Tölvuver 1 er með 16 tölvur og tölvuver 2 er með 13 tölvur. Skólinn er með fartölvuvagn og í honum eru 12 fartölvur. Sérkennarar eru með 15 tölvur. Bókasafn er með 6 tölvur. Kennarar, bókasafnsfræðingur og tölvufólk eru með 45 fartölvur. Aðrir starfsmenn eru með 5 borðtölvur. Á vinnuherbergi kennara eru 2 tölvur Skólinn er með 1 server og 2 gamlar tölvur til þróunarvinnu. Skólinn á 3 þráðlausa senda, 4 laser prentara og 2 bleksprautuprentara. Skólinn á 4 skjávarpa þar af eru 3 fastir í tölvustofum og sal. Einnig á skólinn 38 ritþjálfarar.

Skólinn á/leigir því 61 tölvu til afnota fyrir nemendur og 54 tölvur fyrir starfsmenn og einn server.

*Jón Sigbór Jónsson, tölvuumsjónarmaður*

## Skýrsla skólabókasafns

Skólasafnið er í glæsilegu húsnæði í nýlegri viðbyggingu skólans. Aðstæður þar eru mjög góðar bæði fyrir nemendur og starfsmenn safnsins. Safnið er mjög bjart og skemmtilegt en í aðalrými þess er útlánaaðstaða, vinnuaðstaða fyrir nemendur og sögustundakrókur.

### Safnkostur:

Skráður safnkostur er um 17.926 eintök og skiptist þannig að bækur eru 16.726 eintök en tímarit, hljóðbækur, myndbönd og margmiðlunardiska eru u.þ.b. 1.200 eintök.

Skólasafnsvörður sér um skráningu og flokkun allra safngagna en safnkosturinn er skráður í bókasafnskerfi sem heitir *Gegnir* sem Landskerfi bókasafna rekur og hefur umsjón með.

Tölvueign safnsins er 8 tölvur. Starfsmenn hafa 2 tölvur til afnota en nemendur 6 tölvur sem þeir nota mikið við upplýsingaleit.

Í vetur hefur skólasafnsvörður haft aðstoðarmanneskju sem séð hefur um útlán, plöstin og frágang bóka sem hefur komið sér vel því starfsemi safnsins er mikil.

Skráður safnkostur - eintök	Heildar fjöldi útlána	Safnkennsla á viku - kennslust.
17.926	12.217	12

### Safnvinna:

Allir nemendur í 1.-4. bekk fengu kennslu á safninu í vetur í upplýsingamennt.

Í 1. og 2. bekk var lögð áhersla á að kynna fyrir nemendum hinar ýmsu tegundir bókmennta. Fyrsti bekkur vann með ákveðið þema í hverjum tíma og útbjuggu myndabækur fyrir hvert þema sem þeir fóru síðan með heim. Ýmsir rithöfundar voru kynntir fyrir nemendum í öðrum bekk til þess að örva áhuga þeirra á lestri góðra bóka. Nemendur sömdu sögur, ljóð og ævintýri eftir að hafa fengið kynningu á þessum tegundum bókmennta.

Nemendur í 3. og 4. bekk unnu með "Safnarann" en það er bók sem þeir bjuggu til sjálfir og söfnuðu síðan ýmsum fróðleik í. Þeir fengu einnig þjálfun í leit í bókasafnskerfinu *Gegni*.

Hópvinna var mikil á safninu sérstaklega í eldri bekkjardeildunum. Í 5. bekk var til dæmis unnið stórt verkefni í landafræði. Hverjum bekk var skipt upp í 9 hópa (hver hópur fékk einn landshluta) og kom hver hópur á safnið og leitaði að upplýsingum í bókum, á margmiðlunardiskum og á Netinu. Þessar upplýsingar notuðu hóparnir þegar þeir síðan útbjuggu tölvuglærur (powerpoint) og kynntu sinn landshluta fyrir bekknum.

### Uppákomur:

Á skólasafninu eru skipulagðar ýmsar uppákomur eftir því sem tilefni er til.

Alþjóðlegi bangsadagurinn er haldinn 27. október ár hvert en við héldum okkar bangsviku nokkrum vikum seinna vegna verkfalls kennara. Í bangsavikunni fengum

við góðan gest í heimsókn en það var "Förubangsinn Bragi" en hann hefur ferðast milli bókasafna um allt land. Yngstu nemendurnir komu þá með bangsa að heiman, horfðu á myndband, sömdu sögu um Förubangsann Braga og teiknuðu bangsamyndir sem skreyttu skólasafnið.

Verkum hins mikla sagnameistara H.C. Andersen hefur verið haldið á lofti í vetur þar sem liðin eru 200 ár frá fæðingu hans. Ævintýri hans voru lesin og myndskreytt og sömdu nemendur sjálfir ævintýri og hefur afraksturinn verið til sýnis á safninu.

Við fengum tvo rithöfunda í heimsókn í vetur. Draumey Aradóttir kom í desember og las upp úr nýrri bók sinni fyrir eldri nemendurna. Kristín H. Gunnarsdóttir kom í mars og las úr bókum sínum fyrir þá yngri og sagði frá ýmsum sögupersónum sínum sem flestar höfðu verið Flataskóla.

#### **Heimsóknir:**

Ákveðin hefð hefur skapast um heimsóknir á Bæjarbókasafnið með nemendum í 2. og 4. bekk. Nemendum er þá sýnt safnið og þeir fá fræðslu um starfsemi þess. Í lok heimsóknarinnar með 4. bekk fá allir nemendur bókasafnsskírteini.

Af framangreindu er ljóst að fjölbreytt starf fer fram á skólasafninu og verður áfram unnið að því að þróa starfsemina þannig að safnið styðji vel við skólastarfið í Flataskóla.

Ingibjörg Baldursdóttir, skólasafnsvörður



Vinna á bókasafni

## **Skýrsla Tómsundaheimilis Flataskóla**

Starfsemi Tómsundaheimilis Flataskóla er þrjúþætt þ.e. Dægradvöl (Krakkakot) fyrir 1.-3. bekk  
Heimanám fyrir 4. bekk.  
Tómsundanámskeið fyrir alla nemendur skólans á vorönn.

### **Tómsundaheimili**

Reynt er að hafa starfið sem ólíkast því sem fram fer í skólaumhverfinu en þó þannig að nemendur hafi af því bæði gagn og gaman. Starfsmenn leggja grunninn að starfinu á haustin, setja gróft skipulag upp á stundatöflu. Vikulega hittast svo starfsmenn á vinnufundum og leggja frekari drög að því sem fram fer frá einni viku til annarrar. Hver starfsmaður er hópstjóri með u.þ.b. 10 -12 börn.

### **Dægradvöl**

Starfsemin fer fram í Sveinatungu og gengur undir nafninu Krakkakot. Fjöldi barna 2004-2005 var u.þ.b. 90-100 börn í dægradvöl á aldrinum 6-8 ára, í heimanámi voru 15 börn. Starfið í dægradvöl fer fram eftir að skóla lýkur og er til kl. 17:00. Börnunum er skipt niður eftir aldri og eru tvær deildir, önnur með sex ára börn hin með sjö ára börn. Í vetur voru 8 ára börn í dægradvöl og heimanámi í Flataskóla.

### **Heimanám**

Í vetur sinnti undirrituð heimanámi fyrir 9 ára nemendur, mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga í eina klukkustund eftir að skóla lauk. Á mánudögum fengum við Bryndísi Þórarinsdóttur kennara til aðstoðar við nemendur í hópnum. Í heild gekk veturinn vel fyrir sig.

### **Tómsundanámskeið**

Vegna verkfalls kennara féllu námskeið niður á haustönninni. Á vorönn byrjuðu námskeiðin í febrúar og var þátttakan góð á flest námskeiðin. Reynt var að finna námskeið sem eru bæði hvetjandi og skemmtileg og þjónaði breiðum áhugahópi. Mjög gott samstarf hefur verið við kennara Flataskóla um afnot af skólstofum fyrir námskeið. Almenn ánægja er með námskeiðin.

### **Eftirfarandi námskeið voru í boði á vorönn 2005**

Mosaik:	Umsjón, Hrafnhildur Gunnlaugsdóttir myndmenntakennari
Smíðar-hönnun:	Umsjón, Bryndís Þórarinsdóttir smíðakennari
Tækni-LEGO:	Umsjón, Jóhann Breiðfjörð
Aikido:	Umsjón, Zoran Jóhannes íþróttakennari
Skátafélagið Vífill:	Umsjón, Unnsteinn og Bergdís sveitaforingjar
Skákæfingar:	Umsjón, Þorvarður F. Ólafsson

### Íþróttaskóli:

Frá því ég byrjaði í þessu starfi hef ég verið í samvinnu við Stjórnuna um Íþróttaskóla. Þar fengu börnin kynningu á öllum íþróttum.

Þetta var val hjá foreldrum og börnum og kostaði aukalega. Reynslan varð sú að mörg börn vildu fara í Íþróttaskólann og úr varð að ég óskaði eftir því í haust við forstöðumann fræðslu- og menningarsviðs að Íþróttaskólinn yrði innan okkar dagskrár þannig að Stjarnan fengi greitt sem svaraði launum þjálfara fram á vor.

Þetta fékkst samþykkt af bæjarstjórn, okkur til mikillar ánægju. Það er þó ekki allt fengið með samþykkinu því erfiðlega gekk að útvega þjálfara til starfsins. Að lokum fengust tveir ungir íþróttamenn með mikla reynslu af starfi með börnum til verksins. En ekki vildi betur til að annar þjálfarinn hætti eftir stuttan tíma og fór til annarra starfa. Þetta kom illa við okkur, en leystum við málin þannig að starfsmaður hér á tómsundaheimilinu sem hefur fengið við samskonar starf hjá Breiðabliki kom okkur til hjálpar með því að hlaupa í skarðið þar til annar var ráðinn. Hvert framhaldið verður er óráðið.

### Húsnæði :

Ákveðið er að Krakkakot flytur í Flataskóla frá og með næsta hausti. Árin okkar hér eru orðin nokkuð mörg. En við kveðjum þetta gamla hús sem hefur að geyma margar minningar frá fullorðnum og börnum sem hér hafa unnið eða dvalið og átt hér gott skjól, takk fyrir okkur Sveinatunga.

Samskipti okkar við Flataskóla eru góð þó auðvitað megi þau vera meiri. En fjarlægðin frá skólanum setur strik í reikninginn. Efla þarf boðskipti með öll skilaboð frá skóla til Tómsundaheimilis.

Þakka gott samstarf í síðasta sinn við starfsmenn skólans og yfirstjórn, en ég mun nú láta af störfum hér við heimilið.

*Helga Kristjánsdóttir,  
forstöðumaður Tómsundaheimilis Flataskóla*

